

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1938 - 1944

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi
Básun
Básaskersbryggju
900 Vestmannaeyjum

Bók 1
Véirit

Fundargerðabók

27. nóvember 1938 - 15. nóvember 1944



Lög Skipstjóra- og stýrimannafélags Vestmannaeyja.

1. grein.

Félagið heitir Skipstjóra- og stýrimannafélag Vestmannaeyja, og skal eiga heimili og varnarþing í Vestmannaeyjum.

2. grein.

Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmuna- og launamálum skipstjóra og stýrimanna, efla samvinnu og viðkyrningu þeirra á meðal og vernda rétt þeirra. Einnig vill félagið láta til sín taka hvers konar endurbætur er snerta sjávarútveg og siglingar.

3. grein.

Rétt til að vera félagsmenn hafa allir, er lokið hafa hinu minna fiskiskipstjórprófi eða öðru prófi, sem jafngildir því eða meira og öðlast hafa skírteini sem skipstjórar eða stýrimenn. Þó gildir þetta ekki um þá, sem öðlast hafa réttindi án prófs er lög þessi öðlast gildi.

4. grein.

Hver sá, sem vill gerast félagsmaður og hefir rétt til þess, skal senda stjórninni skriflega inntökubeiðni ásamt inntökugjaldi, og skal hann þá talinn löglegur félagsmaður. Þó getur næsti lögmætur fundur synjað honum inntöku í félagið, ef það sannast að hann vinni eða hafi unnið á móti stefnuskrá eða samþykktum félagsins.

5. grein.

Sérhver maður sem fær inntöku í félagið, skal breyta samkvæmt lögum þess og samþykktum.

6. grein.

Inntökugjald skal vera 5 kr. og greiðist það við inntöku í félagið. Árstíllög séu ákveðin á hverjum aðalfundi og séu greidd fyrir hálf t. ári í senn, eða að fullu fyrir aðalfund ári hvert. Hafi félagsmaður ekki greitt árstíllag í 3 ár eða samið um þau við gjaldkera, skal hann ekki lengur teljast félagsmaður.

7. grein.

Félagið gefur út félagsskírteini og selur þau til félagsmanna með einnar krónu gjaldi og er hverjum félagsmanni skylt að kaupa eitt eintak. Félagsskírteinið inniheldur nafn viðkomandi og númer á meðlimaskrá félagsins. Einnig skal í það færa greiðslur árstíllaga samkvæmt 6. grein.

8. grein.

Aðalfundur skal haldinn í nóvembermánuði ári hvert. Skal þá kosin stjórn félagsins og endurskoðendur félagsreikninga. Einnig skulu þá lagðar fram skýrslur yfir störf, fjárhag og meðlimatölu félagsins.

9. grein.

Stjórn félagsins skal kosin til eins árs í senn og skal skipuð þremur mönnum: formanni, ritara og gjaldkera og þremur varamönnum, og getur enginn félagsmaður neitað að vera í stjórn félagsins, sé hann heimilisfastur í Vestmannaeyjum nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Deyi aðalmaður í stjórn, forfallist eða flytji burtu, kemur varamaður í hans stað, en kjósa skal á næsta lögmætum fundi varamann, sama gildir um varamenn.

10. grein.

a) Á aðalfundi skal kosin 7 manna nefnd sem gerir tillögur um menn í stjórn félagsins. Skulu þeir tilnefna 3 menn í hvert sæti, formanns, ritara og gjaldkera. Skal nefndin hafa lokið störfum fyrir 1. nóvember ár hvert. Sé nefndin sammála, eru þessir menn réttkosnir á lista við stjórnarkosningu. En ef ekki, ræður næsti fundur úrslitum og verða þeir þá í kjöri sem flest fá atkvæði.

b) Á aðalfundi skal, auk þeirra manna, sem nefndin tilnefnir, kjósa tvo menn í hvert stjórnarsæti. Séu fleiri en 2 tilnefndir í hvert sæti, skal atkvæðamagn ráða og koma þeir þá til viðbótar á listann, sem flest atkvæði fá.

11. grein.

Þegar stjórnarlistinn er fullskipaður með 5 mönnum í hverju sæti, skal gengið til atkvæða og sé atkvæðagreiðsla leynileg. Sé fyrst kosið í formannssæti og skal hver kjósandi merkja x fyrir framan nafn þess manns er hann kýs og skal sá vera rétt kosinn formaður félagsins, sem flest fær atkvæði og varaformaður sá er næstflest atkvæði fær. Sama gildir um aðra stjórnarmeðlimi. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti úrslitum. Atkvæðisrétt hafa allir fullgildir félagar nema þeir sem hættir eru sjóferðum, og ekki hafa stundað sjó síðastliðin 3 ár.

12. grein.

Fundur er lögmætur þegar minnst 1/4 félagsmanna er mættur, en þó þarf 1/3 félagsmanna til þess að aðalfundur sé lögmætur. Lögum félagsins má aðeins breyta á aðalfundi þó því aðeins að breytingarnar hafi verið samþykktar á einum fundi áður og 2/3 fundarmanna hafi greitt atkvæði með breytingunni á báðum fundum.

13. grein.

Stjórninni skal skylt að boða til fundar ef áriðandi málefni eru fyrir hendi eða ef minnst 10 félagsmenn óska þess. Sé um mjög áriðandi mál að ræða, sem að dómi stjórnarinnar þola enga bið, en ekki er hægt að ná saman lögmætum fundi þá skal stjórninni heimilt að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir því viðvíkjandi. Launakjör er þó því aðeins hægt að taka til athugunar að minnst 10 starfandi félagsmenn óski þess.

14. grein.

Formaður skal stjórna fundum og sjá um að þeir fari vel fram, gæta þess að lögum og samþykktum félagsins sé hlýtt, hafa eftirlit með atkvæðagreiðslu og birta úrslit hennar. Hann staðfestir gerðabók félagsins, ávísar reikningum þess til greiðslu og hefir umsjón með öllum framkvæmdum þess.

15. grein.

Ritari skal halda réttorða gerðabók og færa inn í hana allar fundargerðir, lagabreytingar og aðalreikninga og annast auk þess allar skriftir félagsins.

16. grein.

a) Gjaldkeri annast tekjur og gjöld félagsins, sér um innheimtu og greiðir ávísaða reikninga þess. Hann ávaxtar fé félagsins í útibúi Útvegsbankans í Vestmannaeyjum með því fyrirkomulagi að af því sé ekki hægt að taka nema með tékkavísun áritaðri af gjaldkera.

b) Gjaldkeri heldur skrá yfir nöfn félagsmanna og tilkynnir formanni ef einhver félagsmaður greiðir ekki gjöld sín á réttum tíma. Hann skal semja glöggan reikning yfir efnahag félagsins og leggja hann fram endurskoðaðan af þar til kvöddum mönnum á aðalfundi ár hvert.

17. grein.

Varamenn í stjórn gegna öllum sömu störfum sem aðalmennirnir í fjarveru þeirra eða forföllum. Aðalmenn skulu skyldir til að tilkynna varamönnum forföll sín, ef unnt er.

18. grein.

Enginn félagsmaður getur neitað að vinna hvert það verk í þarfir félagsins, sem honum er á hendur falið, nema því aðeins, að hann hafi gild forföll. Þó skal störfum jafnað milli félagsmanna, eftir því sem unnt er, þannig að sami maður sé helst ekki nema í einni nefnd í einu og stjórnin fríuð við nefndarstörf meðan aðrir hæfir menn eru til innan félagsins. Þó skal nefndum heimilt að leita álits stjórnarinnar ef þurfa þykir.

19. grein.

Skylt skal hverjum meðlim að stuðla að vexti og viðgangi félagsins, svo sem með öflun nýrra félaga, skilvísri greiðslu félagsgjalda o.s.frv.

20. grein.

Hverjum þeim félagsmanni, sem fer með skipstjórn, skal að öllu jöfnu og eftir því sem ástæður leyfa, láta félagsmenn ganga fyrir utanfélagsmönnum í stýrimannsstöðu.

21. grein.

Hver sá meðlimur sem verður uppvís að því að vinna á móti hagsmunum eða stefnuskrá félagsins, skal brottrækur úr félaginu.

22. grein.

Úrsögn úr félaginu skal eigi tekin til greina nema hún sé skrifleg og félagsmaður skuldlaus við félagið og skal hann þá strax afhenda formanni félagsskírteini sitt.

23. grein.

Reikningar félagsins miðast við aðalfundi.

24. grein.

Verði sjóðir stofnaðir innan félagsins, skulu samdar um þá sérstakar skipulagsskrár.

25. grein.

Líði heilt ár svo að ekki sé haldinn lögmætur fundur, skal félagið talið uppleyst og rennur þá félagssjóður til Slysavarnafélags Íslands.

26. grein.

Félagið er ópólitískt.

27. grein.

Lög þessi öðlast gildi, þannig samþykkt, á stofnfundi 27/11 1938.

Karl Ó. Guðmundsson
Jónas Sigurðsson
Guðni Jónsson Vegamótum
Andrés Einarsson
Guðni Jóhannsson
Willum Andersen
Jón Guðmundsson
Ögmundur Hannesson
Steingrímur Björnsson
Ármann Friðriksson
Kristinn Friðriksson
Ólafur Jónsson
Ólafur H. Jónsson

Sigurjón Jónsson
Haraldur Hannesson
Jón Ólafsson
Eiríkur Jónsson
Eyjólfur Gíslason Bessastöðum
Jón Sigbjörnsson
Ólafur Vigfússon
Guðjón Tómasson
Guðjón Valdason Hásteinsvegi 19 B
Guðmundur Vigfússon Helgafellsbraut 15
Finnbogi Finnbogason Vallartúni
Björgvin Jónsson
Sighvatur Bjarnason Ási
Júlíus Þórarinsson Skólavegi 18
Þorsteinn Gíslason Skólavegi 29
Runólfur Jóhannsson Hilmisgötu 7
Stefán Guðlaugsson Gerði
Grímur Gíslason Vestmannabraut 11
Alexander Gíslason Vesturvegi 3a
Gísli Gíslason Kirkjuvegi 84
Ragnar Þorvaldsson Landagötu 17
Óskar Gíslason Skálholti
Ásmundur Friðriksson Löndum
Marinó Guðmundsson
Ólafur Ísleifsson
Þorsteinn Jónsson Laufási
Þorvaldur Guðjónsson Bárustíg 2
Jónas Bjarnason Boðaslóð 5
Páll Ingibergsson Bakkastíg 8
Sigurður G. Bjarnason Svanhól
Hannes Hannesson Urðarvegi 17
Árni G. Þórarinsson Fífilgötu 3
Guðni Grímsson Helgafellsbraut 8
Júlíus Ingibergsson Urðarvegi 34
Knud Andersen Brekastíg 33
Sigurður Guðjónsson Framnesi
Páll S. Jónasson
Guðfinnur Guðmundsson Kirkjuvegi 66
Þórður Þórðarson Skólavegi 31
Árni Finnbogason Njarðarstíg 3
Guðjón Þorkelsson Miðstræti 3
Ársæll Sveinsson Fögrubrekku
Óskar Jónsson Hólum
Stefán Nikulásson Hásteinsvegi 8
J. Magnússon
Sigurður Sigurjónsson Brekastíg 15B
Eyjólfur Gíslason
Oddur Sigurðsson
Sigurjón Auðunsson Haukabergi
Auðun Oddsson Sólheimum
Einar Guðmundsson Sólhlíð 19
Einar Jóhannesson Hásteinsvegi 7

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1938 - 1944

Einar Jólsson Bræðraborg
Ingvar Gíslason Vestmannabraut 11

Stofnfundur

Skipstjóra- og stýrimannafélags Vestmannaeyja var haldinn í húsi K.F.U.M. laugardaginn 27. nóvember 1938 og hófst kl. 16.

Er fundur hófst, voru mættir 38 menn. Fundarstjóri var kosinn Sigfús Scheving og tilnefndi hann ritara Árna Þórarinsson.

1. Fundarstjóri skýrði frá því að nefnd sú, er kosin var á síðasta formannafundi, hefði lokið störfum og að fyrir fundinum lægi nú uppkast að lögum fyrir Skipstjóra- og stýrimannafélag fyrir Vestmannaeyjar og lægi nú fyrir fundinum að ákveða hvort stofna skyldi hér slíkt félag eða ekki. Nokkrar umræður urðu um málið en að umræðum loknum, var gengið til atkvæða og samþykkt í einu hljóði að stofna félagið.
2. Uppkast að lögum fyrir félagið var lesið upp. Var það síðan rætt og komu fram tvær breytingartillögur er báðar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Síðan var hver grein lesin upp og borin undir atkvæði og voru þær allar samþykktar í einu hljóði.
3. Þá fór fram stjórnarkosning og hlutu þessir kosningu: Formaður Árni Þórarinsson með 22 atk., varaformaður Sighvatur Bjarnason, ritari Sigfús Scheving með 24 atkv., vararitari Ármann Friðriksson, gjaldkeri Karl Guðmundsson með 27 atkv. varagjaldkeri Jónas Bjarnason. Endurskoðendur voru kosnir Runólfur Jóhannsson og Guðjón Tómasson.
4. Samþykkt var að árgjald í félagssjóð skyldi vera kr. 5.00.
5. Kosin var 5 manna nefnd til að undirbúa verkefni fyrir næsta fund og hlutu kosningu: Hannes Hansson, Runólfur Jóhannsson, Haraldur Hannesson, Sighvatur Bjarnason og Guðjón Jónsson.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson formaður

Scheving ritari.

2. fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélagi Vestmannaeyja var haldinn í Samkomuhúsi Vestmannaeyja föstudaginn 9. desember 1938 og hófst kl. 20:50.

1. Fundargjörð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt.
2. Nefnd sú, sem kosin var á síðasta fundi til að undirbúa verkefni þessa fundar, skilaði því og var það í 14 atriðum svohljóðandi:
 1. Nefndin leggur til að bæjarfógeta sé skrifað bréf og í því bréfi sé skorað á hann að ganga ríkt eftir að allir þeir sem stunda hér sjóróðra hvort heldur er að sumar- eða vetrarlagi, séu tryggðir og að um leið og trygging fer fram, sé lagt fram vottorð um að báturinn sé í haffæru standi (hér er einnig átt við opna vélbáta, trillur)
 2. Vilji fógeti ekki sinna kröfum þessum en það hins vegar vitað að menn rói hér ótryggðir á bátum í slæmu standi þá verði tafarlaust kært til stjórnarráðs Íslands. Umræður urðu talsverðar um þennan lið og kom fram tillaga um að kjósa 3ja manna nefnd til að koma þessu máli í framkvæmd. Hlutu kosningu í hana Stefán Guðlaugsson, Jón Ólafsson og Guðmundur Vigfússon.
 3. Að fenginn verði maður til að afrétta áttavita og endurbæta þá eftir því sem þörf krefur. Þessum lið var vísað til stjórnarinnar til að athuga möguleika fyrir þessu fyrir næsta fund.
 4. Að allir formenn bindist samtökum um að fara eins vel með veiðarfæri annarra eins og frekast er unnt.
 5. Að allir þeir, sem ranglega eru sakaðir um skemmdir á veiðarfærum, geti snúið sér til nefndar skipaðrar af félaginu og hafi nefnd sú það með höndum að sætta aðila og komast að hinu rétta. Með skipun nefndar þessarar er ætlast til að dregið geti úr skemmdum veiðarfæra og að menn geti einnig snúið sér til sömu nefndar með þau önnur ágreiningsatriði sem fyrir kunna að koma meðal fiskimanna. Samþykkt var að kjósa 3ja manna nefnd og hlutu kosningu Árni Þórarinsson, Hannes Hansson og Jón Ólafsson. Í sambandi við þennan lið kom fram tillaga um að kjósa 3ja manna nefnd til að koma á betri merkingu á þorskanetum og semja form að merkjabók. Tillagan var samþykkt. Kosningu hlutu í nefndina Sighvatur Bjarnason, Óskar Gíslason og Guðmundur Vigfússon.
 6. Að skipstjórar gæti þeirra reglna, sem settar hafa verið um notkun talstöðva og að þeir ávallt gæti þess að viðhafa ekki ljótt orðbragð og einnig að lengja ekki samtölin að óþörfu. Enda lýsir slíkt skorti á almennu velsæmi. Við þennan lið kom fram svohljóðandi tillaga sem samþykkt var í einu hljóði. Fundurinn samþykkir að [menn] tali ekki saman nema í neyðatilfelli á þeim tíma sem varðskipið hlustar.
 7. Að félagið beiti sér fyrir því að ekki verði haft við Básaskersbryggju nema eitt flutningaskip í einu eftir almennt er farið að róa. Sömuleiðis að allir formenn gjöri sér það að skyldu að leggja bátum sínum að bóli að lokinni afgreiðslu við bryggju með því að slíkt er til mikils flýtisauka fyrir þá sem ólosað eiga. Um þennan lið urðu talsverðar umræður og upplýsti formaður það að félagið gæti litlu áorkað í því efni þar sem til þess að fyrirbyggja það að fleiri en eitt skip lægi við bryggjuna í einu þyrfti að breyta hafnarreglugerðinni og í mörgum tilfellum bráðnauðsynlegt að losa fleiri en eitt skip í einu. Um þann part tillögunnar að leggja bátum að bóli að aflokinni sjóferð var það álit margra að formönnum bæri skylda til að leggja bátunum að bóli að sjóferð lokinni nema knýjandi ástæður væru fyrir hendi meðal annars grunnsævi á róðrartíma.
 8. Að sjóleiðsla verði lögð í bryggjurnar til þrifnaðarauka. Og einnig er það tillaga nefndarinnar að rætt verði um hvort afgreiðsla olíunnar á bryggjunni geti ekki að einhverju leyti gengið örara en s.l. vertið til þess að hvíldartími sjómanna geti orðið sem lengstur. Nefndin vill beina athygli fundarmanna að þeim afgreiðsluskilyrðum sem nú eru og að rætt verði um hvort ekki muni úrlausn finnanleg sem komi því til leiðar að hinar löngu biðir við bryggju, sem iðulega hafa átt sér stað, geti ekki að mestu leyti lagst niður. Í sambandi við þennan lið var það upplýst að nú væri búið að kaupa annað mælitæki í viðbót svo nú væri hægt að afgreiða 2 báta í einu en þar sem fundurinn áleit það ekki nægilegt, var stjórninni falið að skrifa Olíusamlaginu og fara fram á að hafðir væru 2

menn við afgreiðslu olíunnar að minnsta kosti yfir vetrarvertíðina.

9. Að stjórn félagsins skipi nefnd manna, sem fylgi því fast eftir að dýpkun hafnarinnar haldist áfram svo sem sæmt er og að félagið eigi ávallt einn mann í hafnarnefnd. Samþykkt að kjósa 3ja manna nefnd og hlutu kosningu Árni Þórarinsson, Þorsteinn Jónsson Laufási og Finnbogí Finnbogason.

10. Að félagið láti vitamálin mjög til sín taka og sé ávallt á verði um að Vestmannaeyjar verði ekki afskiptar á þessu sviði. Sömuleiðis að miðunarstöðvarmálinu verði haldið vakandi. Í sambandi við þennan lið upplýsti formaður það að Þrídrangaviti mundi sennilega verða reistur á næstunni.

11. Að félagið beiti sér fyrir endurreisn ekknasjóðsins og að komið verði á skipulagsbundnu fiskframlagi til styrktar sjóðnum og telur nefndin að styrkur þessi, sem sjómönnum væri gert að skyldu að greiða til sjóðsins, hljóti að vera hverjum sjómanni til ánægju. Sömuleiðis vill nefndin gjöra þá tillögu að rætt verði um minnisvarða þann, sem hr. Páll Oddgeirsson stofnaði til yfir drukknaða og fjallhrapaða menn og að tillag verði af sem flestum bátum í þessu skyni, eins og átti sér stað s.l. vertíð á allmörgum bátum en þó ekki öllum, og ættu formenn bátanna sérstaklega að vera forgöngumenn um framlög þessi til beggja þessara stofnana. Samþykkt að kjósa 3ja manna nefnd og hlutu kosningu Guðni Jóhannsson, Kristinn Friðriksson og Ólafur Ísleifsson.

12. Að fylgt verði fast fram þeirri ákvörðun félagslaganna um að félagsmenn verði látnir sitja fyrir utanfélagsmönnum um atvinnu á bátum þeirra sem skrásettir eru hér og að nefnd manna verði kosin, sem sjái um að ákvörðunum þessum verði fylgt fast fram. Samþ. að kjósa nefndina og hlutu kosn. Sigurður Bjarnason Svanhóli, Haraldur Hannesson og Guðni Jóhannsson.

13. Að kosnir verði menn í gæslunefnd. Undirbúningsnefnd þessa fundar er falið að gjöra tillögu um menn í nefndina.

14. Nefndin leggur til að haldnir verði minnst 4 fundir til janúarloka og í því sambandi verði athugað hvar húspláss verði fánlegt með bestum kjörum. Kosin undirbúningsnefnd fyrir næsta fund og hlutu kosningu Björgvin Jónsson, Þorst. Gíslason, Jónas Bjarnason, Grímur Gíslason og Óskar Gíslason.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson formaður.

Scheving ritari

3. fundur var haldinn í húsi K.F.U.M fimmtudaginn 5. janúar 1939.

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Formaður skýrði frá því að stjórnin hefði átt tal við hr. Friðrik Steinsson sem var mættur á fundinum. Tók hann til máls og skýrði frá því að hann ætti mjög óhægt með að taka að sér athuganir og afréttingar á kompásnum svo að fullum notum kæmi þar sem hann væri bundinn við sjómanna námskeiðið sem hér stendur yfir til mánaðamóta, en hann lofaði að aðstoða við afréttingar að svo miklu leyti er tími hans leyfði.
3. Nefnd sú sem kosin var til að athuga merkingar veiðarfæra, skilaði álit og lagði fram merkjaskrá, sem samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum.
4. Tillaga frá Júlíusi Ingibergssyni um að greiða stýrimönnum $\frac{1}{4}$ hlut í aukabóknun. Um þetta urðu nokkrar umræður og var það álit allra (að undanskildum tillögumanni) að ekki væri hægt að koma þessu í framkvæmd nú þar sem samningar væru þegar gjörðir milli sjómanna og útgerðarmanna sem giltu fyrir yfirstandandi ár.
5. Um tryggingar urðu talsverðar umræður og voru menn yfirleitt óánægðir með þá tilhögun sem á þeim málum væri. Að umræðum loknum kom fram tillaga frá Þorsteini Jónssyni sem samþykkt var í einu hljóði. Fundurinn felur stjórninni að semja álitsskjal, sem síðar yrði lagt fyrir þingmálafund.
6. Nefnd sú, sem kosin var til að athuga skipulagsskrá ofl. viðkomandi Ekknasjóði Vestmannaeyja, skilaði álit. En þar sem því þótti í ýmsu ábótavant, var samþykkt að bæta 2 mönnum í nefndina og hlutu kosningu þeir Þorsteinn Jónsson Laufási og Runólfur Jóhannsson.
7. Nefnd sú, sem kosin var til að stinga upp á mönnum í gæslunefnd, stakk upp á eftirtöldum mönnum:
 1. Jóni Guðmundssyni, Goðalandi.
 2. Sighvati Bjarnasyni, Ási.
 3. Ólafi Ísleifssyni, Garði.
 4. Grími Gíslasyni, Haukabergi.
 5. Haraldi Hannessyni, Garði.
 6. Benóný Friðrikssyni, Jómsborg.
 7. Ögmundi Hannessyni, Urðavegi 19.
 8. Jóhanni Pálssyni, Heimagötu.
 9. Karli Guðmundssyni, Reykholti.Stjórninni var falið að koma þessu til bæjarstjórnar.
8. Að síðustu var lesin upp skýrsla frá hr. Páli Oddgeirssyni um sjóðsmyndun til að koma upp minnisvarða yfir drukknaða og fjallhrapaða menn í Vestmannaeyjum. Undirtektir við þetta mál voru góðar meðal fundarmanna.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Scheving ritari

Árni G. Þórarinsson (formaður).

4. fundur var haldinn í Samkomuhúsi Vestmannaeyja miðvikudaginn 24. maí 1939.

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Nefnd sú, er kosin var á síðasta fundi til að koma með tillögu um laun skipstjóra á síldveiðum, skilaði álitinu sínu. Sighvatur Bjarnason formaður nefndarinnar tók til máls og upplýsti að í sambandi við þá tillögu, sem meirihluti nefndarinnar hefði komið sér saman um, væru tekin til grundvallar lægstu laun skipstjóra í kringum allt land. Tillagan lesin upp og hljóðar þannig: Skipstjórar á síldveiðum, ef þeir eru nótaformenn (nótabassar) sjálfir, skulu hafa laun sem hér segir: 6% af afla, 200 krónur á mánuði og frítt fæði. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
3. Formaður las upp álitsskjal sem fundinum barst frá nefnd sem hafði til meðferðar athuganir um á hvern hátt heppilegast mundi að stofna sjóð innan félagsins. Urðu talsverðar umræður um þetta mál og var áhugi mikill meðal fundarmanna á því að stofna sjóð ef heppilegur grundvöllur myndist. Óskar Gíslason tók til máls og taldi sjálfsagt að stofna sjóð innan félagsins og að allt mælti með því að það væri hægt, ekki síður fyrir þetta félag, en önnur félög sem verri aðstöðu hefðu til þess. Formaður taldi rétt að fresta að taka ákvörðun um málið.
4. Formaður gjörði fyrirspurn til fundarmanna um það hvort netamerkingin hefði gert nokkurt gagn á síðustu vertíð og var svarað einróma að hún hefði gjört ómetanlegt gagn. Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson formaður.

5. fundur var haldinn í Samkomuhúsi Vestmannaeyja mánudaginn 20. nóvember 1939 kl. 20:30.

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

2. Formaður skýrði frá því að framkvæmd samþykktar frá síðasta fundi um kjör á síldaveiðum hefði verið frestað vegna þess að margir bátar hefðu verið farnir á veiðar þegar fundurinn var haldinn og lagði hann til að nefndin starfaði áfram og væri bætt við tveim mönnum í nefndina. Margir tóku til máls. Hannes Hansson benti á að honum fyndist eðlilegast að aukakjör manna væru miðað við % af afla bátsins eftir að báturinn hefur aflað fyrir kostnaði. Að loknum umræðum voru kosnir þessir menn:

Sighvatur Bjarnason.
Óskar Gíslason, Skálholti.
Jónas Sigurðsson.
Ásmundur Friðriksson.
Benóný Friðriksson.
Andrés Einarsson.
Guðni Grímsson.
Júlíus Sigurðsson.
Jónas Bjarnason.

3. Skýrsla frá nefnd þeirri, sem kosin var til þess að gjöra tillögu um stofnun styrktarsjóðs fyrir félagið, var lesin upp. Margir tóku til máls og voru allir á einu máli um það að uppástunga nefndarinnar um árgjald til félagsins væri allt of há. Ólafur Jónsson stakk upp á því að formenn legðu í sjóðinn afla sinn einhvern tiltekinn dag á vertíðinni. Guðmundur Vigfússon stakk upp á því að formenn almennt færu með strengi á vertíðinni. Sigfús Scheving kom með tillögu um að fresta þessu til næsta fundar og í næsta fundarboði yrði þess getið að þetta mál yrði tekið fyrir. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Lagt fram bréf frá Sjómannafélaginu Jötni þar sem skýrt er frá því að innan sjómannafélagsins hefði verið kosin 5 manna nefnd til að skipuleggja að haldinn yrði einn dagur hátíðlegur sem eingöngu væri helgaður sjómönnum og farið fram á að skipstjórafélagið skipaði 5 manna nefnd sem síðar starfaði með nefnd þeirri sem kosin var í sjómannafélaginu. Samþykkt var að kjósa 5 manna nefnd og hlutu kosningu:

Ársæll Sveinsson, Alexander Gíslason, Guðmundur Vigfússon, Ármann Friðriksson og Óskar Gíslason, Skálholti.

5. Formaður minntist á hve mikið álag væri hér á ísfisksölunni. Benti hann á að of mörg skip kæmu hér í einu, sem yrði beinlínis til þess að verðfella fiskinn og væri þess vegna nauðsynlegt að skipuleggja ísfisksöluna betur því ef sama álag yrði á þessu framvegis, væri það öllum til tjóns. Um þetta urðu talsverðar umræður. Að umræðum loknum kom fram svohljóðandi tillaga: Fundurinn felur stjórninni að skrifa Útvegsbændafélaginu og skora á það að gjöra allt sem í þess valdi stendur til þess að betra fyrirkomulag verði eftirleiðis á fisksölunni en hingað til.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Í undirbúningsnefnd fyrir næsta fund voru kosnir Haraldur Hannesson, Jón Ólafsson og Runólfur Jóhannsson.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Árni Þórarinsson, Scheving.

Aðalfundur Skipstjóra- og stýrimannafélags Vestmannaeyja fyrir árið 1938 var haldinn í Samkomuhúsinu mánudaginn 11. desember kl. 20:30.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og var hún samþykkt í einu hljóði. Í sambandi við fundargjörðina voru kosnir 2 menn í nefnd sem starfaði með stjórn útvegsbændafélagsins að skipulagi og sölu á ísfiski á komandi ári og hlutu kosningu Jóhann Pálsson og Finnbogí Finnbogason.
2. Féhirðir las upp endurskoðaða reikninga félagsins og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. Upphæð tekna var 703,53. Þar af voru óinnheimt árstíllög 190,00 og inntökugjöld 75,00. Upphæð gjalda var 147,25. Eignir voru:

Í innlánsbók	223,28.
Í fjárhirslu	68,00.
Útistandandi	265,00.

3. Kosninganefnd stakk upp á þessum mönnum í stjórn fyrir næsta ár:

Formanni:

Árna Þórarinssyni
Sighvati Bjarnasyni
Óskari Gíslasyni

Ritara:

Sigfúsi Scheving
Ármanni Friðrikssyni
Runólfi Jóhannssyni

Féhirði:

Karli Guðmundssyni
Þorsteini Gíslasyni
Guðna Jóhannssyni

Formaður var kosinn Árni Þórarinsson, 24 atkvæði og varaformaður Sighvatur Bjarnason, 2 atkvæði.

Ritari var kosinn Sigfús Scheving, 18 atkvæði, Runólfur Jóhannsson 6 atkvæði.

Féhirðir var kosinn Karl Guðmundsson, 24 atkvæði, Þorsteinn Gíslason 1 atkvæði.

Endurskoðendur voru kosnir þeir Runólfur Jóhannsson og Guðjón Tómasson.

4. Ritari minntist á það hvað menn hugsuðu sér að gjöra gagnvart dragnótaveiðum í landhelgi.
5. Formaður minntist á að nauðsyn bæri til að koma því til leiðar að meira fjör yrði í fundunum og upplýsti að hægt væri að fá húsið hér leigulaust ef minnst 40 menn mættu á fundinum og keyptu kaffi.
6. Talsverðar umræður urðu um fyrirkomulag sem verða mundi á kaupgreiðslu á komandi vertíð. Til máls tóku Sighvatur Bjarnason, Jóhann Pálsson, Hannes Hansson, Sigfús Scheving, formaður, o.fl. og voru flestir á því máli að heppilegast væri að komið væri á því fyrirkomulagi að skipverjar söltuðu saman afla sinn. Sá anmarki væri á því að húspláss væri lítt fánlegt nema það

húspláss sem Austfirðingarnir réðu yfir og stakk Sighvatur Bjarnason upp á því að skorað væri á bæjarstjórn að hlutast til um að plássmenn fengju öll þau fiskhús, sem ekki væru notuð af útvegsmönnum, til afnota. Þeim væri þannig gjört kleift að salta sinn fisk sjálfir en það mundi verða til þess að auðveldara væri fyrir sjómenn og útgerðarmenn að semja. Önnur tillaga kom frá Hannesi Hanssyni svohljóðandi: Fundurinn skorar á Útvegsbændafélagið að fá nú þegar úr því skorið hve mikið bankinn komi til að greiða út á væntanlegan afla á komandi vertíð. Tillaga Hannesar var samþykkt í einu hljóði.

Stungið var upp á Hannesi Hanssyni, Sigfús Scheving og Þorsteini Gíslasyni í undirbúningsnefnd fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson.

Scheving.

7. fundur var haldinn í Samkomuhúsinu mánudaginn 18. desember 1939.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og var hún samþykkt.
2. Nefnd sú, sem kosin var á síðasta fundi, hafði sent formanni dagskrá, sem hafði verið send öllum félagsmönnum með fundarboðinu.

Dagskráin var þannig:

1. Dragnóta- og botnvörpuveiði í landhelgi.
2. Gjaldeyrismálin.
3. Auka kaup og skyldur vélstjóra.
4. Auka kaup og skyldur stýrimanna.

1. Fyrst var tekið fyrir 1. mál á dagskrá. Frummælandi var Hannes Hansson. Auk frummælanda tóku til máls Sigfús Scheving, Benóný Friðriksson, Þorsteinn Jónsson, Gísli Magnússon, Óskar Gíslason, Sighvatur Bjarnason, Guðjón Valdason, Jóhann Pálsson og formaður.

Um málið urðu mjög skiptar skoðanir og tillaga kom frá Gísla Magnússyni um að kosin yrði 5 manna nefnd til úrlausnar máli þessu. Í nefndina voru kosnir Gísli Magnússon, Óskar Gíslason, Hannes Hansson, Sighvatur Bjarnason og Guðjón Valdason.

2. Gjaldeyrismál.

Frummælandi Hannes Hansson og tóku auk hans til máls formaðurinn Árni Þórarinsson, Gísli Magnússon, Sighvatur Bjarnason og Jóhann Pálsson. Voru ræðumenn sammála um að nauðsynlegt væri að sjómenn og útgerðarmenn fengju meiri gjaldeyri í sínar hendur af verðmæti þess sem þeir veiddu og töldu sér misrétt gjörðan í þessum efnunum. Árni Þórarinsson stakk upp á þriggja manna nefnd, til að hreyfa þessu máli og skrifa gjaldeyrisnefnd. Í nefndina voru kosnir Sighvatur Bjarnason, Hannes Hansson og Gísli Magnússon.

3. Ísfisksalan.

Til máls tóku Árni Þórarinsson, Sighvatur Bjarnason og Óskar Gíslason. Rætt var um sleifarlag það sem nú ríkti hér í þessum málum og deyfð Útvegsbændafélagsins og stakk formaður upp á nefnd manna sem ræddu þetta við stjóra Útvegsbændafélagsins. Í nefndina voru kosnir Sighvatur Bjarnason, Guðni Grímsson og Óskar Gíslason.

4. Runólfur Jóhannsson tók næst til máls og bar undir fundarmenn tilboð Friðriks Éssonar um að leiðbeina mönnum í lífgun úr dauðadái. Voru félagsmenn allir þessu fylgjandi og fólu frummælanda að tala við Friðrik Ésson þessu viðkomandi.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson.

Runólfur Jóhannsson.

8. fundur var haldinn í Samkomuhúsinu fimmtudaginn 4. janúar 1940.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
2. Nefnd sú, sem kosin var til þess að starfa í sambandi við útgerðarmannafélag, hefur starfað síðan. Sighvatur Bjarnason tók fyrstur til máls og skýrði frá því að samtök væru mynduð um ísfisksöluna. Framkvæmdarstjóri væri ráðinn og auk hans væri ráðinn 1 starfsmaður. 1 skip væri leigt til flutninga og annað væri fánlegt til kaupa. Til máls tóku, auk frummælanda, Hannes Hansson, Óskar Gíslason, Sigfús Scheving, Árni Þórarinsson og Guðni Jónsson. Tillaga kom frá Óskari Gíslasyni svo hljóðandi: Fundurinn telur sjálfsgagt að það fyrirkomulag yrði á ísfisksölnunni að jafnaðarverð yrði greitt fyrir allan þann fisk sem seldur yrði eða sendur út til sölu og felur nefndinni að koma þessu á framfæri við samstarfsmenn sína.
3. Dragnótaveiðar í Landhelgi. Frummælandi var Hannes Hansson og skýrði hann frá því að nefndin væri einhuga um að gera allt sem hægt væri til að verja landhelgina og lagði fram svo hljóðandi tillögu: Skipstjóra- og stýrimannafélagið lýsir sig eindregið fylgjandi að landhelginnar verði gætt eftir fermsta megni og mun beita sér fyrir því að það opinbera geri skyldu sína í því efni og felur fundurinn stjórninni að sjá um að þessari fundarsamþykkt verði framfylgt. Tillagan var samþykkt í einu hljóði.
4. Merking veiðarfæra. Stjórninni var falið að semja við skólastjóra Gagnfræðaskólans um að teikna merkjabækur.
5. Samþykkt var að leggja til að sama gæslunefnd starfaði áfram næstu vertíð. Um gæslustarfið urðu fjörugar umræður og tóku margir til máls.
6. Rætt var um afréttingar á kompásum og var upplýst að það mundi verða gert á líkum grundvelli og síðastliðið ár.
7. Óskar Gíslason hreyfði því hvort ekki væri ráðlegt að skrifa vitamálastjórninni og reyna að herða á því að vitinn á Þrídröngum verði fullgerður í vetur og var stjórninni falið að gjöra það og leita stuðnings Skipstjóra- og stýrimannafélags Reykjavíkur.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Árni Þórarinsson, Scheving.

9. fundur var haldinn í Akogeshúsinu sunnudaginn 4. febrúar 1940 kl. 13.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og var hún samþykkt athugasemdalaust.
2. Formaður, Árni Þórarinsson, skýrði frá því að kvartanir hefðu borist um að talstöðvarnar væru ekki í sem besta lagi og kvaðst hann hafa talað við stöðvarstjórann hér og fengið hann til að tala við Reykjavík og eftir samtalið sagði hann að þeir þar væru fúsir til að senda hingað mann ef mikil brögð væru að því að stöðvarnar væru í ólagi. Sighvatur Bjarnason minntist á að athuga þyrfti váttryggingar talstöðva því hann kvað þær ekki myndu vera tryggðar þegar stöðin væri í landi og benti hann á nauðsynina á að þær væru jafnt tryggðar á landi og sjó. Tillaga kom frá Árna Þórarinssyni um að kjósa 5 manna nefnd, til þess að athuga þessi mál nánar í samráði við Harald Eiríksson. Tillagan var samþykkt í einu hljóði. Þessir hlutu kosningu í nefndina:
Ársæll Sveinsson.
Hannes Hansson.
Sighvatur Bjarnason.
Guðmundur Vigfússon.
Óskar Gíslason.
3. Formaður skýrði frá því að samkvæmt fundargjörð síðasta fundar hefði átt að senda áskorun til vitamálastjóra um að koma upp vitanum á Þrídröngum á þessari vertíð en hann kvaðst ekki hafa gjört það enn þá vegna þess að hann hefði fulla vissu fyrir því að allt væri gjört sem hægt væri til að fullgera vitann.
4. Rætt var um að bátar, sem einhverra orsaka vegna ekki gætu komist að landi á venjulegum tíma, létu vita af sér í tæka tíð svo ekki þyrfti að gjöra ráðstafanir til leitar og var nefnd þeirri, er kosin var í sambandi við annað atriði, falið að hrinda þessu í framkvæmd. Samþykkt var að gjöra þetta og var tíminn til þess ákveðinn strax eftir veðurfregnir, kl. 19:10.
5. Rætt var um bryggjulegur báta og ýmislegt í sambandi við þær og var það álit allra, sem töluðu, að það væri vansæmd fyrir formenn þessa byggðarlags að þetta gengi svo til framvegis og mæltist formaður félagsins til þess að allir formenn, sem eru í þessu félagi, lagfærðu þetta af sjálfsdáðum án þess að grípa þyrfti til róttækari ráðstafana.
6. Á fundinn mætti Páll Scheving, formaður í Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, og lagði hann fram svo hljóðandi tillögu: Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélagi Vestmannaeyja haldinn 4/2 1940, samþykkir að skipstjórar beiti sér fyrir því að vélstjórar, sem heima eiga í Vestmannaeyjum, sitji fyrir um skipsrúm á Eyjabátum og að öðru jöfnu að skipstjórar leiti fyrst fyrir um vélstjóra í Vélstjórafélagi Vestmannaeyja þegar þá vantar vélstjóra á báta sína. Tillagan var borin upp og samþykkt í einu hljóði.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson formaður.

Scheving.

10. fundur var haldinn í Akógeshúsinu laugardaginn 5. október 1940 og hófst kl. 20.

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt athugasemdalaust.
2. Lagt fram bréf frá Páli Oddgeirssyni, þar sem farið er fram á að félagið skipi mann í stjórn minningarsjóðs drukknaðra sjómanna frá Vestmannaeyjum. Einnig var lagt fram bréf frá Þorsteini Einarssyni, þar sem farið er fram á að félagið hjálpi til við að koma hér upp baðstofu. En þar sem fundurinn var fámennur, var ákveðið að fresta því að taka ákvörðun (um bréfin) þar til á næsta fundi.
3. Formaður minntist á nauðsynina á því að hér þyrfti að koma upp námskeiði fyrir netamenn því að það væri ekki vansalaust hve fáir sjómenn kynnu að gjöra við veiðarfæri þau sem nú eru notuð, þ.e. botnvörpu og dragnót. Til máls tóku, auk formanns, Gísli Magnússon, Sighvatur Bjarnason, Sigfús Scheving og Haraldur Hannesson. Tillaga kom fram um að kjósa þriggja manna nefnd til að hrinda þessu máli í framvæmd og hlutu kosningu í nefndina:
Hannes Hansson.
Sighvatur Bjarnason.
Þorvaldur Guðjónsson.
4. Tillaga kom fram um að stjórninni væri falið að skrifa Útgerðamannafélaginu og skora á það að sjá til þess að afgreiðsla á olíu verði ekki verri en á síðastliðinu ári. Nú er fyrirkomulagið ófært þar sem mestöll olíuafgreiðsla fer fram í gegnum eina slöngu. Tillagan var borin upp og samþykkt.
5. Guðjón Valdason vakti máls á því að skorað væri á Lifrarsamlagið að það léti hirða lifur þá sem bátarnir fá nú, þar sem skipverjum sé nær ómögulegt að koma lifrinni til Lifrarsamlagsins. Samþykkt var að fela stjórninni að skrifa Lifrarsamlaginu.
6. Rætt var um að reyna að koma á lagfæringu á bryggjulegu bátanna og var kosin þriggja manna nefnd og hlutu kosningu:
Hannes Hansson.
Sighvatur Bjarnason.
Haraldur Hannesson.
7. Í dagskrárnefnd voru kosnir:
Guðmundur Vigfússon.
Guðjón Valdason.
Grímur Gíslason.
Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.
Árni G. Þórarinsson formaður.

11. fundur var haldinn í Akógeshúsinu sunnudaginn 10. nóvember 1940.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og var hún samþykkt í einu hljóði.
2. Lagt fram bréf frá Páli Oddgeirssyni sem frestað var að taka ákvörðun um á síðasta fundi. Samkvæmt tilmælum bréfsins var kosinn sem aðalmaður í stjórn minnismarkis drukknaðra sjómanna í Vestmannaeyjum, Runólfur Jóhannsson Hilmsgötu 7 og varamaður Karl Guðmundsson, Urðavegi 8.
3. Þá tók til máls formaður félagsins, Árni Þórarinsson, og talaði um hina lélegu fundasókn sem ylli því að ýmis velferðarmál verðandi félagsskapinn drægjust á langinn og minntist í því sambandi á að ekki hefði verið hægt að koma hér á námskeiði þar sem kennd yrði netabæting og annað viðkomandi dragnot og botnvörpu. Leti félagsmanna væri svo mikil að ekki hefði verið hægt að fá vitneskju um hvort þátttakan yrði næg til að hægt væri að koma hér á slíku námskeiði kostnaðarins vegna. Kvað hann mjög illa komið að slík mál, sem þetta, yrðu ekki framkvæmd vegna áhugaleysis félagsmanna. Næstur tók til máls Ársæll Sveinsson og skýrði hann frá því að á síðasta fundi Útgerðamannafélagsins hefðu verið kosnir 2 menn til þess að starfa með nefnd þeirri sem kosin var á síðasta fundi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins til að hrinda þessu máli í framkvæmd. Nokkrir fleiri tóku til máls og var það einróma álit allra ræðumanna að námskeiðinu yrði að koma á. Þeir nefndarmenn, er á fundi voru, lofuðu að gjöra nú þegar tilraun til að námskeiðið yrði haldið.
4. Formaður skýrði frá því, að Vélstjórafélagið hefði óskað eftir að fá að vera með, ef félagið héldi afmælisfagnað og bar það undir félagsmenn hvort halda skyldi afmæli. Var samþykkt að halda afmælið og leyfa Vélstjórafélaginu þátttöku í því. Þá var kosin þriggja manna afmælisnefnd og hlutu kosningu:
Árni Þórarinsson.
Grímur Gíslason, Haukabergi.
Eyjólfur Gíslason, Bessastöðum.
5. Þá tók til máls Ársæll Sveinsson og skýrði frá störfum nefndar þeirrar er vann á sjómannadaginn. Hann kvað safnast hafa talsvert fé þennan dag því nú væru í sjóði rúmar 1400 krónur auk ára sem notaðar væru við kappróður og merkja sem ekki seldust. Í sambandi við þetta kom til umræðu hvort ekki væri rétt að verja nokkru af því sem inn kemur á sjómannadaginn til minnismarkis drukknaðra sjómanna í Vestmannaeyjum og var samþykkt að leggja til að 20% yrðu látin ganga til minnismarkisins.
6. Kosin var þriggja manna nefnd til að tala við Lifrarsamlag Vestmannaeyja til þess að reyna að koma á öðru fyrirkomulagi á afhendingu lifrar þeirrar er aflast utan vertíðar. Í nefndina voru kosnir Hannes Hansson, Sighvatur Bjarnason og Guðmundur Vigfússon.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson formaður.

Scheving ritari.

12. fundur. Aðalfundur Skipstjóra- og stýrimannafélags Vestmannaeyja var haldinn í Akógeshúsinu fimmtudaginn 5. desember og hófst klukkan 20:30.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og hún samþykkt í einu hljóði.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir reikningsárið 1939-1940. Fjéhirðir las upp reikningana og skýrði einstaka liði þeirra og svaraði fyrirspurnum í sambandi við þá. Að því loknu voru reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir í einu hljóði.
3. Samþykkt inntaka 5 nýrra félaga: þeirra Odds Sigurðssonar, Eyjólf Gíslasonar, Auðuns Oddssonar, Sigurðar Auðunssonar og Sigurðar Sigurjónssonar og undirskrifuðu þeir lög félagsins.
4. Kosin 7 manna nefnd til að gjöra tillögur um menn í stjórn félagsins fyrir næsta ár, og hlutu kosningu: Eiríkur Jónsson, Jónas Bjarnason, Willum Andersen, Ragnar Þorvaldsson, Jón Guðmundsson, Þorgeir Jólsson og Grímur Gíslason. Að afloknum störfum nefndarinnar kom hún fram með eftirfarandi lista:

Í formannssæti:
Árni Þórarinsson hafnsögumaður.
Sighvatur Bjarnason skipstjóri.
Guðmundur Vigfússon skipstjóri.

Í fjéhirðissæti:
Karl Guðmundsson skipstjóri.
Jón Guðmundsson skipstjóri.
Ármann Friðriksson skipstjóri.

Í ritarasæti:
Runólfur Jóhannsson skipstjóri.
Þorsteinn Jónsson, Laufási skipstjóri.
Haraldur Hannesson skipstjóri.
Fundurinn tilnefndi þessa menn:

Í formannssæti:
Hannes Hansson skipstjóra
og Harald Hannesson skipstjóra.

Í fjéhirðissæti:
Willum Andersen skipstjóra
og Árna Finnbogasyni skipstjóra.

Í ritarasæti:
Jóni Guðmundssyni skipstjóra
og Sigfúsi Scheving.

Var því næst gengið til atkvæða.
Formaður var kosinn Árni Þórarinsson með 14 atkvæðum, endurkosinn.
Varaformaður Sighvatur Bjarnason, endurkosinn
Fjéhirðir var kosinn Karl Guðmundsson með 27 atkvæðum, endurkosinn.

Varafjéhirðir Ármann Friðriksson.

Ritari var kosinn Runólfur Jóhannsson með 14 atkvæðum og vararitari Sigfús Scheving.

Endurskoðendur fyrir næsta ár voru kosnir Willum Andersen og Ármann Friðriksson í einu hljóði.

Tillaga kom fram um að leggja til að kosnir yrðu gæslumenn fiskiveiðasamþykktarinnar fyrir næsta ár og hefðu þeir jafnframt á hendi gæslu með merkingu veiðarfæra. Var stungið upp á:

Sighvati Bjarnasyni.

Guðna Grímssyni.

Grími Gíslasyni.

Þorgeiri Jólssyni.

Finnboga Finnbogasyni.

Ögmundi Hannessyni.

Oddi Sigurðssyni.

Karli Guðmundssyni, Reykholti.

Jóni Guðmundssyni.

Var tillagan samþykkt í einu hljóði.

5. Lagt fram bréf frá Skipstjóra- og stýrimannafélagi Reykjavíkur með uppástungu um kaupgreiðslur fyrir næsta ár svohljóðandi:

Sjómannafélag Reykjavíkur, Sjómannafélag Hafnarfjarðar, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, Skipstjóra- og stýrimannafélag Reykjavíkur og Sjómannafélagið Jötunn, Vestmannaeyjum hafa samþykkt skrá er gildir um kaup og kjör á öllum mótorskipum jafnt minni sem stærri, svo og eimvélaskipum undir 200 rúmllestum, sem stunda veiðar með dragnót (Snörrevaad) og botnvörpu og gerð eru út frá útvegsplássum við Faxaflóa og Vestmannaeyjum.

1. Af heildarafla skipsins (Brutto) greiðist skipverjum 34% þrjátíu og fjórir af hundraði er skiptast jafnt milli þeirra er á skipinu vinna. Ekki má skipta í fleiri staði en tala skipverja er í hverri sjóferð.

2. Auk þess sem greinir í tölulið 1, greiði útgerðin:

Til skipstjóra 1 hlut,

til 1. vélstjóra 1/2 hlut,

til stýrimanns, sem er vanur netamaður, 1/2 hlut,

til stýrimanns, sem er vanur botnvörpuveiðum með óvönum skipstjóra, 1 hlut,

til stýrimanns, sem ekki er netamaður, 1/4 hlut,

til háseta, sem er netamaður, 1/4 hlut,

til 2. vélamanns kr. kr. 75.00 á mánuði,

til skipstjóra, sem er vanur botnvörpuveiðum, fæðispeninga,

til stýrimanns, vönum botnvörpuveiðum, fæðispeninga,

til matreiðslumanns, sem vinnur önnur skipsverk, kr. 50.00 á mánuði, fimmtíu krónur, miðað

við allt að 7 manna áhöfn, en fyrir 9 manna áhöfn kr. 75.00 á mánuði, sjötíu og fimm krónur. Sé um

stærri skipshöfn að ræða, er skylt að hafa sérstakan matsvein og hefir hann þá 1 hlut og auk þess kr.

75.00 á mánuði, sem útgerðin greiðir. Heimilt er að unglingar, innan 18 ára aldurs, séu

matreiðslumenn á skipi með allt að 9 manna áhöfn, og hafa þeir þá 3/4 úr hlut í laun er greiðist af

óskiptum afla.

3. Skipverjum, sem vinna að útbúnaði skips í byrjun veiðitíma eða að honum loknum, svo sem hreinsun og málningu skipsbotns, hreinsun og málningu ofan þilja og neðan umfram daglega venju, svo og útbúnaði veiðarfæra, ber útgerðinni að greiða samkvæmt gildandi kaupverkamanna á þeim stað, sem skipið á heima og er gert út frá. Vélamenn og stýrimaður hafi 25% hærra kaup. Fyrir umrædda vinnu í nætur- og helgidagavinnu greiðist 50% hærra kaup. Fæðispeningar greiðast skipstjóra og stýrimanni vönum botnvörpuveiðum samkvæmt reglum sem gilda um fæðispeninga togaraháseta í Reykjavík.

4. Skip, sem siglir til útlanda með eigin afla, greiðir skipverjum af brúttó-sölu samkvæmt 1. og 2. tölulið. Nú kaupir útgerðarmaður fisk til viðbótar, kemur þá til skipta helmingur af brúttó andvirði þess fiskjar. Ef færri menn eru á fiskveiðum en krafist er til að sigla skipinu til útlanda, þá greiðist þeim mönnum kaup og áhættuþóknun eftir þeim reglum, sem gilda á flutningsskipum og greiðist það af óskiptu.

5. Sigli skipið með veiddan afla og keyptan til sölu á erlendum markaði og verði fyrir töfum af völdum ófriðarins, sjóttjóns eða vélarbilunar, sem nemur meir en 6 sólarhringum samanlagt í ferð, greiðist skipverjum kaup það, dýrtíðaruppbót og stríðsáhættuþóknun, sem greidd eru á sams konar skipum í flutningum með ísvarinn fisk á erlandan markað, samkvæmt samningum og kaupsöxtum stéttarfélags skipverja þann tíma sem tafirnar tóku samanlagt lengri tíma en 6 sólarhringa.

6. Útgerðarmaður tryggir afla skipsins á sinn kostnað. Ónýtist afli af völdum sjóttjóns, skiptist vátryggingarupphæðin á sama hátt og andvirði aflans.

7. Skipseigandi tryggir á sinn kostnað hvern skipverja fyrir dauða eða örorku af völdum ófriðar, eða ósannaðra orsaka samkvæmt lögum. Skal enginn skipstjóri eða stýrimaður vera tryggður fyrir lægri upphæð en kr. 21.000.00, tuttugu og eitt þúsund krónur.

Samþykkt þessi gildir frá 1. janúar 1941 og þar til öðruvísi verður ákveðið.
Reykjavík í desember 1940.

Umræður urðu talsverðar um þetta mál og að þeim loknum kom fram svofelld tillaga:
Fundurinn ákveður að kjósa 5 manna nefnd til að athuga þetta mál og að loknum störfum leggi hún tillögur sínar fyrir félagsfund.

Tillagan samþykkt í einu hljóði.

Í nefndina voru kosnir:

- | | |
|--------------------------------|-----------------------|
| 1. Sighvatur Bjarnason. | 2. Guðjón Valdason. |
| 3. Karl Guðmundsson. | 4. Ragnar Þorvaldsson |
| 5. Þorsteinn Jónsson, Laufási. | |

6. Kosin var þriggja manna nefnd sem hafði með útflutning á ísfiski að gjöra og hlutu kosningu:
Sighvatur Bjarnason.
Guðmundur Vigfússon.
Finnbogi Finnbogason.

7. Dagskrárnefnd var endurkosin.

8. Þá tók til máls Hannes Hansson og skýrði frá störfum nefndar þeirrar sem kosin var til að tala við Lifrarsamlag Vestmannaeyja. Kvað hann samlagið hafa fallist á að setja upp kör á bryggjunum þar sem tekið yrði á móti lifur fram að vertíð. Einnig skýrði hann frá störfum nefndar þeirrar sem kosin var til þess að reyna að koma lögun á bryggjulegur báta. Kvað hann nefndina hafa talað við hafnarstjórn og stjórn Bataábyrgðafélagsins og hefðu þær tekið mjög vel þessari málaleitun. Árangurinn hefði orðið sá að skipaður hefði verið maður til aðstoðar hafnarverði um mánaðartíma, og kvað hann árangurinn vera þann að nú mætti telja að það mál væri leyst á viðunandi hátt. Hann kvað formenn yfirleitt hafa brugðist vel við er þeir voru minntir á að leggja bátum sínum við festar og nú voru engir bátar að staðaldri við bryggju án leyfis hafnarvarðar.

9. Guðjón Valdason vakti athygli á því að nauðsynlegt væri að að léttbátar, sem ferðuðust um höfnina, hefðu ljós til sýnis, svo áhættulítið væri fyrir þá að ferðast um höfnina. Undirtektir skipstjóra voru mjög góðar.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Scheving (ritari).

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1938 - 1944

Árni G. Þórarinsson formaður.

13. fundur var haldinn í Samkomuhúsi Vestmannaeyja mánudaginn 24. nóvember 1941 kl. 21:30.

1. Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar og hún samþykkt.
2. Varaformaður, Sighvatur Bjarnason, tók til máls og skýrði frá því að nefnd sú, sem hann var kosinn í á síðasta fundi, hefði ekki komið saman og kvað hann aðalástæðu þess að sér hefði fundist formenn yfirleitt mjög áhugadaufir um það mál.
3. Þá skýrði Sighvatur Bjarnason frá því að eftir því sem hann hefði frétt, væru allmargir aðkomubátar væntanlegir hingað n.k. vertíð sem stunda ættu botnvörpuveiðar og ættu að losa afla sinn í skip hér í Vestmannaeyjum. Taldi hann þetta athugasvert og óskaði þess að menn ræddu málið. Um mál þetta urðu talsverðar umræður og voru menn einhuga um að gjöra þyrfti einhverjar ráðstafanir til að sporna við þessu, ef mögulegt væri, og töldu þrengslin innanhafnar það mikil að lítt væri á bætandi. Í sambandi við mál þetta talaði Sigfús Scheving sérstaklega um legu báta við bryggju og áminnti formenn ítarlega um að leggja bátum sínum við festar að róðri afstöðnum. Tillaga kom fram um að kosin yrði 3ja manna nefnd til að ræða við stjórn Ísfisksamlagsins viðkomandi aðkomubátum. Í nefnd þessa voru kosnir:

Jónas Bjarnason.
Haraldur Hannesson.
Óskar Gíslason.
4. Formaður, Árni Þórarinnsson, tók til máls og minnti á að fundir væru sjaldan haldnir og kvað nauðsynlegt að visst húspláss yrði fengið til fundahalda nú í skammdeginu. Voru fundarmenn samþykkir uppástungu formanns í þessu efni.
5. Þá var rætt um bryggjumálið. Frummælandi var Sighvatur Bjarnason og taldi hann að starf núverandi bryggjuvarðar væri alls ekki fullnægjandi þar sem honum væru einnig ætluð ýmis önnur störf, á sama tíma og mest nauðsyn væri á að hafa mann á bryggjunni t.d. á vertíðinni. Að talsverðum umræðum afstöðnum kom fram tillaga um að kosin yrði 3ja manna nefnd til að ræða við hafnarnefnd um að fastur maður yrði hafður til gæslu á bryggjunni yfir mesta annatíma vertíðarinnar. Í nefnd þessa voru kosnir:

Haraldur Hannesson.
Sighvatur Bjarnason.
Hannes Hansson.
6. Sjóðsstofnun, frummælandi Gísli Magnússon. Taldi hann að eitt af fyrstu málum félagsins hefði verið að stofnaður yrði sjóður til styrktar félagsmönnum. Væru í félögum skipstjóra úti um land, t.d. Reykjavík og Akureyri, slíkir sjóðir sem væru nú orðnir allmiklir að vöxtum, sérstaklega í Reykjavík. Urðu um þetta mál nokkrar umræður. Voru menn sammála um stofnun sjóðsins og ræddu um heppilegastar aðferðir til að afla honum tekna, t.d. með hækkun félagsgjalda og fiskframlags frá hverjum bát eða að bátar færu með línustubba.
7. Þá kom til umræðna kaupgjaldsmál formanna og stýrimanna og afstaða félagsins gagnvart fisksamningum. Urðu um þetta mál allmiklar umræður. Guðjón Valdason og Jón Ben. töldu að félagið þyrfti að taka virkan þátt í fisksölumálum t.d. með því að hafa fulltrúa í samningsnefnd er samningar væru gjörðir millum sjómanna og útgerðarmanna. Einnig að fastari grundvöllur yrði lagður að greiðslu til stýrimanna. Eins og áður er getið, urðu um þetta snarpar umræður og menn ekki á eitt sáttir. Gísli Magnússon taldi að föst regla um greiðslu til stýrimanna gæti varla komið til greina þar sem sumir, sem væru skrásettir stýrimenn,

kynnu lítið til verka við veiðarfæri, t.d. botnvörpu. Aðrir væru t.d. skrásettir sem aðallega væri ætlað að segja til og kenna mannskapnum meðferð botnvörpunnar og yrði þess vegna þóknun eða aukagreiðslur til þessara manna að miðast við kunnáttu þeirra.

8. Þá kom til umræðna fiskafgreiðsla í m/b Helga og kvörtuðu formenn undan sleifarlagi því sem væri á móttöku fiskjar í bátinn. Var stungið upp á 3ja manna nefnd til að ræða við Fisksölusamlagsstjórnina um þetta. **S.m.l.** að athuga kaupgreiðslu málin. Í nefnd þessa voru kosnir:

Finnbogi Finnbogason.
Steingrímur Björnsson.
Eyjólfur Gíslason.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson formaður.

Runólfur Jóhannsson ritari.

14. fundur var haldinn í Akógeshúsinu miðvikudaginn 3. desember 1941 og hófst kl. 21.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og var hún samþykkt athugasemdalaust.
2. Formaður, Árni Þórarinsson, minntist nefndar þeirrar er kosin var á síðasta fundi og ræða skyldi við stjórn Ísfisksamlagsins, viðkomandi aðkomubátum. Jónas Bjarnason tók næst til máls og skýrði frá störfum nefndarinnar. Hún átti viðræður við stjórn Ísfisksamlagsins og fékk þær upplýsingar að ekki væri vitað nema um 1 leigubát, sem þeir Tómas Guðjónsson og Pétur Eggerts ætluðu sér að hafa hér í vetur. Að öðru leyti kvaðst stjórnin ekki geta gefið frekari upplýsingar fyrr en þá að loknum aðalfundi í samlaginu en hann yrði haldinn einhvern tíma í janúar n.k.
3. Nefnd sú, er kosin var til að ræða við hafnarnefnd og formann Bataábyrgðafélags VE., skýrði svo frá að hún hefði fyrst hitt bæjarstjóra að máli og hann tekið málinu yfirleitt vel og væri því hlynntur að aukamaður yrði hafður á bryggjunni yfir mesta annatímamann gegn sanngjarnri þóknun er hafnarsjóður og Bataábyrgðafélag VE. legðu fram. Lýsti bæjarstjóri sig samþykkan því að hafnarsjóður legði fram ca. 150 kr. á mánuði til gæslumannsins. Nefndin ræddi því næst við formann Bataábyrgðafélagsins, Guðmund Einarsson, og tók hann málaleitan þessari mjög illa.
4. Þá tók til máls Eyjólfur Gíslason, Búastöðum, og skýrði frá störfum nefndar þeirrar sem hann var kosinn í og ræða átti við stjórn Fisksölusamlagsins viðkomandi afgreiðslu fiskjar í m/b Helga. Átti nefndin tal við Pétur Eggerts og tók hann þessari málaleitan vel og taldi að sleifarlag það, sem komið hefði fyrir í fyrra með afgreiðslu í bátinn, mundi ekki verða liðið framvegis. Þá ræddi nefndarmaður, Eyjólfur Gíslason, um störf nefndarinnar viðkomandi samninga- og kaupgreiðslumálum formanna og stýrimanna og sagði hann að nefndin hefði ekki komist að hreinni niðurstöðu gagnvart því máli að öðru leyti en því að einn maður úr Skipstjóra- og stýrimannafélaginu ætti framvegis sæti í samninganefnd ásamt samninganefnd úr Sjómannafélaginu Jötni. Um þessa nefndartillögu urðu allmiklar umræður og gætti þess ekki síður að mönnum fannst að kaup- og sérsamningsmál formanna og stýrimanna þyrftu að komast á fastari grundvöll. Voru það aðallega Jón Benónýsson og Guðjón Valdason sem höfðu orð fyrir því og einnig um það að mjög kæmi það sér illa að segja mönnum upp án nokkurs fyrirvara eins og átt hefði sér stað í nokkrum tilfellum. Margir tóku til máls viðkomandi þessu máli og varð niðurstaðan sú að sendir voru tveir menn af fundinum með skriflegt samþykki fundarmanna um að einn maður úr félaginu ætti framvegis sæti í samningarnefnd Sjómannafélagsins Jötuns. Í nefndina var kosinn Guðni Jónsson, Vegamótum.
5. Hafnarmálin. Formaður, Árni Þórarinsson ræddi þessu næst um hafnar- og bryggjumálin. Taldi hann nauðsynlegt að formenn kynntu sér þau betur en verið hefði og fylgdust með þeim framkvæmdum hafnarnefndar sem til umræðna væru á hverjum tíma. Í þessu sambandi gat hann margs t.d. dýpkunar hafnarinnar að undanfögnu, væntanlegrar bryggjubyggingar o.fl. Einnig lagði hann fram kort af höfninni frá 1930 sem sýndi dýpkun þá sem fram hefur farið síðan. Taldi hann að höfnin væri því nær fullskipuð nú en alltaf fjölgi bátum og sé því stór nauðsyn meiri framkvæmda sem allra fyrst. Urðu um mál þetta nokkrar umræður og taldi Þorsteinn Jónsson þetta orð í tíma töluð og taldi slæmt útlit með hafnarþrengslin og þá hættu sem af þeim gæti stafað þar sem segja mætti að aðstaðan færi versnandi og gat hann þess að höfnin hefði grynnað að norðanverðu og þyldi því mál þetta enga bið. Í sama streng tóku einnig Sighvatur Bjarnason o.fl.

Að umræðum þessum loknum varð niðurstaðan sú að kosnir voru 3 menn sem kynna skyldu sér hafnar- og bryggjumálin yfirleitt. Í nefndina voru kosnir:

Karl Guðmundsson.

Ólafur Sigurðsson.

Guðmundur Vigfússon.

6. Þá komu til umræðna aðgerð og afgreiðsla fiskjar á n.k. vertíð. Formaður, Árni Þórarinsson, taldi nauðsynlegt að kosin yrði nefnd manna til athugunar á málum þessum. Urðu um mál þetta nokkrar umræður og kom í ljós í umræðum manna að nýtt úrlausnarefni þessu viðkomandi væri fyrir hendi. Þar sem aðstaðan hefði breyst þannig að nú yrðu bátarnir helst að skila fiskinum hausuðum og slægðum í land og hefði þetta miklu meiri vinnu í för með sér en áður hefði þekkst og mætti þetta undir mörgum kringumstæðum teljast ókleift, sérstaklega á minni bátum. En aftur á móti tefði það afgreiðslu skipanna allt of mikið að hausa og slægja fiskinn um borð í þeim. Mikilvægt sé fyrir alla að afgreiðsla hvers skips taki sem allra skemmstan tíma. Að umræðum afstöðnum var kosin nefnd til að kynna sér þetta mál og gera tillögu því viðkomandi. Í nefndina voru kosnir:

Sighvatur Bjarnason.

Jón Guðmundsson.

Alexander Gíslason.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson ritari.

15. fundur. Aðalfundur í Skipstjóra- og stýrimannafélagi Vestmannaeyja var haldinn í Akógeshúsinu miðvikudaginn 17. desember 1941 og hófst kl. 21:30.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Sighvatur Bjarnason skýrði frá störfum nefndar þeirrar sem hann var kosinn í á síðasta fundi, og átti að kynna sér og gera tillögu um aðgerð fiskjar og afgreiðslu hans í skip á n.k. vertíð. Kvað hann nefndina hafa rætt nokkuð um þetta mál og talið heppilegast að biðja þangað til útgerðarmenn hefðu haldið fund þessu viðkomandi, þar sem mál þetta væri þannig vaxið að full samvinna væri nauðsynleg millum sjómanna og útgerðarmanna.
3. Þá kom til umræðna hafnarmálið. Auk formanns tóku til máls Þorsteinn Jónsson og Hannes Hansson. Frá Þorsteini Jónssyni kom fram svohljóðandi tillaga: Fjöldmennur fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélagi Vestmannaeyja, skorar á hafnarnefnd að koma í framkvæmd að steipt verði sem fyrst plata meðfram austurkanti Básaskersbryggju. Við þetta mundi fást pláss, sérstaklega fyrir smærri báta þá hálf fallið er að og er þess full þörf. Enn fremur að steipt verði, eða hellulögð akbraut yfir þvera bryggjuna hæfilega breið þar sem hennar álist mest þörf. Ennfremur segir: „Flestum eru kunn hér hin miklu þrengsli við áðurnefnda bryggju og margvíslegar tafir og erfiðleikar sem af þeim leiðir og hljóta þessi þrengsli mjög að aukast vegna síaukinnar útgerðar. Vonum vér því að hafnarnefnd og bæjarstjórn sjé ljúft að nota sér til hlítar það gagn sem bryggjan hefur þegar að bjóða.“ Ofanrituð tillaga var samþykkt í einu hljóði.
4. Formaður ræddi því næst um félagsafmæli og taldi rétt að kosin yrði afmælisnefnd. Urðu um mál þetta nokkrar umræður og kom fram tillaga frá Eiríki Jónssyni um að bjóða vélstjórum að halda sameiginlegt afmæli með skipstjórum og stýrimönnum og var tillagan samþykkt. Í afmælisnefnd voru kosnir Jónas Sigurðsson, Alexander Gíslason og Eiríkur Jónsson.
5. Fjéhirðir lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir reikningsárið 1940-1941. Las hann þá upp, svaraði fyrirspurnum og gaf skýringar þeim viðkomandi. Að því loknu voru reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir í einu hljóði.
6. Kosin var 7 manna nefnd til að gjöra tillögur um menn í stjórn félagsins fyrir næsta ár og hlutu kosningu:

Eyjólfur Gíslason.
Guðni Grímsson.
Eiríkur Jónsson.
Jónas Bjarnason.
Ragnar Þorvaldsson.
Jón Guðmundsson.
Þorgeir Jólsson.

Að afloknum störfum nefndarinnar kom hún fram með eftirfarandi lista:

Í formannssæti:

Árni Þórarinsson, hafnsögumaður.
Sighvatur Bjarnason, skipstjóri.
Óskar Gíslason, skipstjóri.

Haraldur Hannesson, skipstjóri.

Hannes Hansson, skipstjóri.

Í fjéhirðissæti:

Karl Guðmundsson, skipstjóri.

Grimur Gíslason, skipstjóri.

Guðjón Valdason, skipstjóri.

Guðmundur Vigfússon, skipstjóri.

Oddur Sigurðsson, skipstjóri.

Í ritarasæti:

Runólfur Jóhannsson, skipstjóri.

Ármann Friðriksson, skipstjóri.

Willum Andersen, skipstjóri.

Var því næst gengið til atkvæða.

Formaður var kosinn Árni Þórarinnsson með 15 atkvæðum, endurkosinn.

Varaformaður: Sighvatur Bjarnason.

Fjéhirðir var kosinn Karl Guðmundsson með 26 atkvæðum, endurkosinn.

Varafjéhirðir Grímur Gíslason.

Ritari var kosinn Runólfur Jóhannsson með 27 atkvæðum, endurkosinn.

Vararitari Ármann Friðriksson.

Endurskoðendur fyrir næsta ár voru kosnir Willum Andersen og Ármann Friðriksson, endurkosnir í einu hljóði.

7. Tillaga kom fram um að félagsgjöldin væru of lág og stakk Þorsteinn Jónsson upp á því að þau yrðu hækkuð um helming frá því sem verið hefði. Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði. Verður því félagsgjaldið yfir næsta ár 10.00 kr. á mann.
8. Formaður ræddi því næst um stofnun styrktarsjóðs fyrir félagsmenn og sagði hann meðal annars að sjóðsstofnun þessi hefði verið með fyrstu umræðuefnum í félaginu þótt ekki hefði enn þá orðið úr myndun sjóðsins. Taldi hann að sjálfsagt væri að hrinda máli þessu í framkvæmd og kjósa menn í nefnd til að gera tillögur um stofnun sjóðsins og hvernig honum yrði best aflað tekna. Fleiri tóku til máls þessu viðkomandi og stungu Sighvatur og Jónas Bjarnasynir upp á því að til að byrja með væri helmingur ársgjalda látinn renna í sjóð þennan. Í styrktarsjóðsnefnd voru kosnir:

Þorsteinn Jónsson, Laufási.

Hannes Hansson, Hvoli.

Eyjólfur Gíslason, Görðum.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinnsson formaður.

Runólfur Jóhannsson ritari.

16. fundur.

Framhaldsaðalfundur Skipstjóra- og Stýrimannafélags Vestmannaeyja var haldinn í Akógeshúsinu laugardaginn 3. janúar 1942 og hófst kl. 21:30.

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Þorsteinn Jónsson bar fram tillögu um að félagið yrði framvegis látið heita Skipstjóra- og stýrimannafélagið VERÐANDI. Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.
3. Þá skýrði Þorsteinn Jónsson frá störfum nefndar þeirrar sem hann var kosinn í á síðasta fundi og semja átti reglugjörð fyrir fyrirhugaðan styrktarsjóð. Las hann upp tillögu nefndarinnar í eftirfarandi greinum:

1. grein.

Reglugerð fyrir styrktarsjóð Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi.

2. grein.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn sína vegna slysa, sjúkdóma eða elli. Einnig þá sem án eigin aðgjörða verða illa úti fjárhagslega, einnig má styrkja ekkjur félagsmanna.

3. grein.

Hver löglegur félagsmaður greiði árlegt gjald til sjóðsins sem ákveðið sé á aðalfundi ár hvert og tekið sé af árstíllagi hans.

4. grein.

Stjórn félagsins hefur á hendi stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á honum.

5. grein.

Í sjóðinn skulu lagðir 4/5 af árstíllögum félagsmanna, einnig vextir af sjóði félagsins, áheit og annað sem til hans kann að falla.

6. grein.

Þegar sjóðurinn er orðinn 5000.00 kr., má byrja að veita úr honum styrki þó ekki meira en helming ársgjalda auk vaxta og skal þetta ákvæði gilda næstu 5 ár eftir að byrjað er að veita fé úr honum. Hinn helming ársgjalda, ásamt öðru fé er til fellur, skal árlega lagt í sjóðinn honum til eflingar.

7. grein.

Aldrei má lána fé úr sjóðnum nema með samþykki lögmæts fundar sem á sé minnst helmingur félagsmanna, þó þarf 2/3 atkvæða til samþykkis útlána.

8. grein.

Þegar sjóðurinn er orðinn 5000.00 kr., skal á aðalfundi félagsins kosin 3ja manna nefnd og þrír til vara, til að hafa á hendi úthlutun úr sjóðnum og heitir sú nefnd styrkveitinganefnd.

9. grein.

Sjóðnum skal ávallt þannig fyrir komið að hann sé í handbæru fé og ávaxtaður í banka í Vestmannaeyjum.

10. grein.

Rísi ágreiningur út af styrktveitingum eða meðferð sjóðsins, skal lögmætur félagsfundur skera úr um hann.

11. grein.

Hætti félagið störfum, skal stjórn þess og styrkveitinganefnd í sameiningu ráðstafa eignum sjóðsins. Þó skal fullnaðarákvörðun um ráðstöfun hans ekki tekin fyrr en eitt ár er liðið frá síðasta aðalfundi félagsins.

12. grein.

Sama regla gildir um reikningshald og endurskoðun sjóðsins og félagsins.

13. grein.

Reglum þessum má aðeins breyta á lögmætum aðalfundi.

Framanrituð reglugjörð var lesin upp á fundinum af Þorsteini Jónssyni, eins og áður greinir, og borin undir atkvæði, hver grein fyrir sig, og var reglugjörðin samþykkt, öll, móttatkvæðalaust. Einnig var samþykkt, þá er 3ja grein reglugjörðarinnar var lesin upp, að hækka félagsgjöldin upp í 25.00 kr. af hverjum félagsmanni.

4. Hannes Hansson tók næst til máls og ræddi um nýafstaðna sjóðsstofnun. Gaf hann sjóðnum 50.00 kr. til minningar um fósturforeldra sína ásamt bók sem í skyldu skráð nöfn gefenda. Á fremsta blað bókarinnar er ritað: „Í bók þessa, sem er eign Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum, skal rita allar gjafir og öll áheiti sem sjóðnum ánafnast. Skal skrá með fullu nafni nöfn þeirra er gefið hafa, svo og dag og ár þegar gjöfin er afhent og tilefni gjafarinnar. Bókin skal vera í vörslu formanns félagsins og skal hann lesa upp á fyrsta fundi eftir vetrarvertíðarlok, fyrsta fundi eftir haustvertíðarlok og á aðalfundi, tekjur þær sem sjóðnum hafa borist á þessu tímabili.

5. Næst komu til umræðna kjör fyrir næsta samningstímabil og var nokkuð um þau rætt og þó sérstaklega kjör stýrimanna. Tóku allmargir til máls um þetta og kom mönnum saman um að nauðsynlegt væri að stýrimennirnir væru í félaginu þar sem þeir gætu þá betur fylgst með sínum eigin málum. Einnig var rætt um deyfð margra með greiðslu árgjalda til félagsins og kom fram tillaga um að kjósa tvo menn til að tala við menn þessum málum viðkomandi. Í nefndina voru kosnir Hannes Hansson og Guðjón Jónsson.

6. Eiríkur Jónsson minntist á störf nefndar þeirrar sem hann starfaði í, Afmælisnefndar, og stakk upp á að yfirmönnum af e/s Sæfelli yrði boðið á fyrirhugaðan afmælisfagnað og var það samþykkt.

7. Næst talaði Jónas Sigurðsson og minntist á það að bátar fengju vélastopp og þá tregðu sem oft og einatt virtist vera á að hjálp fengist frá öðrum bátum. Um þetta urðu nokkrar umræður. Stakk formaður, Árni Þórarinsson, upp á því að nauðsynlegt væri að formenn lærðu að tala saman með ljósum. Var að þessu gjörður góður rómur en ekki talið tímabært nú, að þessu sinni, að hafist yrði handa með kennslu. Rætt var um að kosnir yrðu menn til að ræða við stjórn Bataábyrgðafélags Vestmannaeyja um greiðslu fyrir að draga vélbíladaða báta til lands. Í nefnd þessa voru kosnir Haraldur Hannesson, Jón Benónýsson og Guðjón Jónsson.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson formaður, Runólfur Jóhannsson ritari.

17. fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi var haldinn í Akógeshúsinu sunnudaginn 11. janúar 1942 og hófst kl. 13:30.

1. Lesin var upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Guðni Jónsson tók til máls og skýrði frá störfum sínum í samninganefnd þeirri er hann var kosinn í á fundi sem haldinn var 3. desember 1941. Samningsuppkast í 18 greinum var fyrst lesið upp í einu lagi en síðan var hver samningsgrein rædd sérstaklega áður en hún var borin undir atkvæði. Nokkrar umræður urðu um þennan væntanlega samning en þó sérstaklega um 4. grein. Var hún að lokum borin undir atkvæði og samþykkt með 23 atkvæðum en á fundinum voru mættir 32 menn. Allar voru greinarnar lesnar upp sérstaklega og bornar undir atkvæði og samþykktar að lokum. 13. greinin var samþykkt með þeirri athugasemd að ef stýrimaður sé fullfær netamaður þá beri honum fyrir það ½ hlutur. Að loknum umræðum um samning þennan kom fram eftirfarandi tillaga: Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, sem haldinn var sunnudaginn 11. janúar 1942, samþykkir að veita Guðna Jónssyni, Vegamótum, fullt umboð til að vera fyrir hönd félagsins að samningagjörð fyrir næsta samningstímabil, og undirrita samningana á þeim grundvelli sem félagsmenn hafa þegar samþykkt þá. Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

3. Tillaga kom fram um það að kosnir yrðu gæslumenn fiskiveiðasamþykktarinnar fyrir n.k. vertíð (ártímabil) og var stungið upp á eftirtöldum mönnum:

1. Sighvati Bjarnasyni.
2. Guðna Grímssyni.
3. Grími Gíslasyni.
4. Þorgeiri Jólssyni.
5. Finnboga Finnbogasyni.
6. Ögmundi Hannessyni.
7. Oddi Sigurðssyni.
8. Karli Guðmundssyni.
9. Jóni Guðmundssyni.

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson formaður,

Runólfur Jóhannsson ritari.

18. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi fimmtudaginn 5. mars 1942 og hófst hann kl. 16 í Verkamannaskýlinu á Básaskersbryggjunni.

1. Formaður Árni Þórarinsson setti fundinn og minntist um leið slysfara þeirra sem nýafstaðnar voru og bað hann menn að rísa úr sætum sínum til virðingar þeim starfsbræðrum sem látist hefðu.

2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

3. Ársæll Sveinsson tók næst til máls og vék máli sínu að talstöðvum í bátum hér. Kvað hann hörmulegt til þess að vita að af þeim 13 bátum, sem ókomnir voru á sunnudagskvöld þann 1. þ.m. hefði ekki heyrst í talstöð neins þeirra hér á stöðinni. En aftur á móti hefði heyrst á sama tíma í talstöð m/b Öldunnar og björgunarskipisins Sæbjargar sem voru vestur í Faxabugt.

Taldi hann að hér væri um svo mikilvægt mál að ræða að enga bið þyldi og yrði því að hefjast handa strax með það að fá talstöðvarnar í fullkomið lag.

Í þessu sambandi upplýsti Ársæll að Haraldur Eiríksson væri sá eini hér í Eyjum sem mætti gera við stöðvarnar og hefði hann um það sérsamning við Landsímastöðina. Sagði hann ennfremur að betra væri að taka stöðvarnar hreinlega úr bátunum en að hafa þær þar ónothæfar og benti á að fá yrði mann frá Reykjavík til þess að koma stöðvunum í nothæft stand og einnig að kenna mönnum meðferð þeirra og að lagfæra ef eitthvað smávegis komi fyrir.

Auk Ársæls Sveinssonar tók til máls Óskar Gíslason og benti hann á að samkvæmt reynslu þeirri, sem hann hefði í þessu, virtist svo að stöðin hér vanrækti að hlusta á þeim tíma sem ákveðinn væri. Kvaðst hann hafa kallað upp dag eftir dag án árangurs.

Hannes Hansson taldi rétt að Haraldi Eiríkssyni hefði verið boðið á fundinn vegna umræðna þeirra sem nú færu fram um talstöðvarnar en taldi þó hins vegar rétt að fenginn yrði fær maður til að lagfæra stöðvarnar.

Gísli Magnússon var því einnig fylgjandi að fenginn yrði maður úr Reykjavík en taldi þó mestu skipta að formenn sjálfir kynnu með þær að fara ekki síður en vélina. Minntist hann einnig á starfsemi björgunarskipis þess sem hér á að hafa eftirlit og taldi starfsemi þess mjög ábótavant og hefði það sýnt sig best nú er slysin urðu.

Ársæll Sveinsson tók aftur til máls (viðkomandi talstöðvunum) og taldi rétt að kosin yrði nefnd manna sem hefði það hlutverk að ræða við Harald Eiríksson og Þórhall Gunnlaugsson, stöðvarstjóra, viðkomandi talstöðvunum og endurbótum þeim sem gera þyrfti þeim viðkomandi.

Jón Benónýsson, Óskar Gíslason og Gísli Magnússon tóku til máls og voru sammála um að alls ekkert þyrfti við Harald Eiríksson að tala þar sem segja mætti að hann hefði mjög lítið lagfært stöðvarnar. Upplýstu þeir einnig að á Siglufirði væri maður frá Landsímanum yfir síldartímann sem hefði eftirlit og viðgerð talstöðvanna á hendi.

Að loknum þessum umræðum var lesin upp tillaga frá Eiríki Jónssyni, og er hún svohljóðandi:

Vegna margendurtekinna bilana talstöðva í fiskibátaflota Vestmannaeyja, skorar Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi á póst og símamálastjórn að senda nú þegar mann hingað með fulla þekkingu á talstöðvum og móttökutækjum og innsetnigu þeirra svo að fram geti farið rækileg athugun á stöðvunum og bætt verði úr þeim göllum sem á þeim hljóta að vera.

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Næstur tók til máls Ársæll Sveinsson og vék máli sínu að björgunarskipinu og starfsemi þess.

Upplýsti hann að í samningum millum Björgunarfélags Vestmannaeyja og Ríkisskipa hefði verið ákveðið að hér við Vestmannaeyjar skyldi vera eftirlits- og björgunarskip yfir vertíðina og skyldi skipið ekki lakara en gamli Þór. Í þessu sambandi minntist hann á skip það sem hér er nú eða varðbátinn Óðinn.

Taldi hann sannanir fyrir því að hann hefði legið hér heima við Eyjar kl. 18:30 sl sunnudag þann 1. þ.m.

En í þessu sambandi upplýsti hann einnig að veðurhæðin hefði verið óvenju mikil og langvinn, t.d. hefðu í 40 klukkustundir verið um og yfir 11 vindstig á Stórhöfða.

Um þetta mál urðu allmiklar umræður og tóku til máls: Óskar Gíslason, Gísli Magnússon, Ólafur Sigurðsson og Eyjólfur Gíslason og voru allir sammála um að nauðsyn bæri til að hér yrði haft betra skip en nú þar sem vitað væri að samkvæmt fyrirmælum Björgunarfélagsins hefði skipið farið héðan út úr höfninni um kl. 15 en haldið sig svo í landvari innan við Eyjar að minnsta kosti til 18:30. Að umræðum þessum loknum kom fram eftirfarandi tillaga frá Óskari Gíslasyni:

"Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, sem haldinn var 5. mars 1942, skorar á stjórn Björgunarfélags Vestmannaeyja að hefja strax rannsókn á starfsemi varðbátsins Óðins þann 1. mars 1942. Og enn fremur segir: Tillaga þessi er fram komin vegna upplýsinga margra formanna um að skipið hafi verið mjög nálægt Eyjum að kvöldi þess 1. þ.m."

Tillaga þessi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Gísli Magnússon tók næst til máls og minntist á seglabúnað bátanna. Taldi hann að þau segl, sem væru á bátum hér, væru yfirleitt ekki nógu sterk til að duga í ofsaveðrum og einnig mundi að sumu leyti nokkuð ábótavant með gerð þeirra. Minntist hann á í þessu sambandi að sér hefði dottið í hug að nauðsynlegt væri að hver bátur hefði eitt varasegl eða fokku, sem væri það sterk ásamt blökkum þeim og dragreipum sem henni fylgdu að engin hætta væri á að bilaði. Væri þetta t.d. nauðsynlegt ef lensa þyrfti eða liðlegt væri haldið og lagði hann sérstaklega áherslu á styrkleika seglsins.

Um þetta mál urðu nokkrar umræður og bentu allar í þá átt að nauðsyn bæri til að hafa seglútbúnað í sem bestu standi. Þar sem einnig væri vitað með vissu að m/b Aldan hefði bjargast fyrir seglin 2. þ.m. þar sem báturinn gat hleypt á seglum í land á heppilegum stað og mennirnir allir bjargast heilir á húfi.

Í umræðum þessum var einnig minnst á hvað heppilegast mundi að nota til að minnka drift og komu fram ýmsar uppástungur því viðkomandi svo sem drifpoki, að drífa fyrir fiskseilum, að leggja til drifs o.fl.

6. Næst kom Ísfisksamlagið til umræðu og töluðu Óskar Gíslason og Hannes Hansson. Töldu þeir að krefjast yrði fundar strax þar sem margt þyrfti að upplýsast viðkomandi starfsemi stjórnar þess.

Að umræðum loknum kom fram eftirfarandi tillaga frá Óskari Gíslasyni:

"Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi krefst þess að fundur verði haldinn í Ísfisksamlagi Vestmannaeyja þ. 6. mars 1942."

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

Á fundinum var sótt um inntöku þriggja nýrra félaga, þeirra Einars Guðmundssonar, Einars Þorkelssonar og Einars S. Jóhannessonar.

Inntökubeiðni þessara manna var samþykkt samhljóða. Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson ritari.

(Viðfest í bók á milli bls. 96 og 97)

Reykjavík 3. mars 1938.

Hér með leyfi ég mér að senda hinu háa Alþingi áskorun 72 skipstjóra í Vestmannaeyjum um að bæta ljósmagn Stórhöfðavítans þegar í stað og að reisa vita á Þrídröngum á næsta sumri.

Virðingafyllst,
Jóhann Jóelsson
Vestmannaeyjar.

Til Alþingis.

1938.

Vér, undirritaðir skipstjórar í Vestmannaeyjum, leyfum oss hér með að skora á hæstvirt Alþingi að láta þegar á næsta sumri reisa vita á svonefndum Þrídröngum, norðvestur af Heimaey.

Það er einróma álit vort að þar komi ljósviti að mestu gagni fyrir fiskibátaflotann úr Vestmannaeyjum, og ekki síður önnur skip, sem fara venjulega siglingarleið frá og til Vestmannaeyja. Vér viljum taka það fram að svæðið um Þrídranga er tvímælalaust hættulegast siglingum um þessar slóðir enda eru þar á allstóru svæði fjöldi blindskerja og boða sem sjó brýtur alltaf á.

Jafnframt leyfum vér oss að skora á hæstvirt Alþingi að láta nú þegar auka ljósmagn Stórhöfðavítans þar sem vér teljum það með öllu ófullnægjandi.

Vestmannaeyjum, 26. febrúar 1938.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn Jónsson, Laufási.
Guðjón Jónsson, Heiði.
Sighvatur Bjarnason.
Oddur Sigurðsson, Dal.
Jón Guðmundsson, Goðalandi.
Willum Andersen, Hásteinsvegi 6.
Þorvaldur Guðjónsson.
Gísli Magnússon.
Ólafur M. Jónsson, Skólavegi 4.
Haraldur Hannesson, Strandvegi 3.
Guðni Jóhannsson, Faxastíg 4.
Óskar Gíslason, Skálholti.
Torfi Einarsson, Faxastíg 17.
Guðjón Jónsson, Hlíðardal.
Jón Sigbjörnsson, Hofi.
Júlíus Sigurðsson, Skjaldbreið.
Guðni Vigfússon, Helgafellsbraut 15.
Ásmundur Friðriksson, Löndum.
Karl Guðmundsson, Urðavegi 13.
Páll Jónsson, Þingholti.
Ólafur Vigfússon, Landagötu 20.
Guðjón Þorkelsson, Miðstræti 3.
Óskar Gíslason, Faxastíg 10.
Árni Finnbogason, Njarðarstíg 3.
Kristinn Magnússon, Sólvangi.

Guðmundur Tómasson, Njarðarstíg 1.
Guðni Grímsson, Helgafellsbraut 8.
Finnbogi, Hásteinsvegi 5.
Ásgrímur Sigurðsson, Vestmannabraut 35.
Finnbogi Finnbogason, Vallatúni.
Sigurður Guðjónsson, Vesturvegi 3. b.
Brynjúlfur G. Guðmannsson, Vestmannabraut 48b.
Kristján Einarsson, Kirkjuvegi 49.
Hinrik Gíslason, Kirkjuvegi 84.
Steingrímur Björnsson, Kirkjulandi.
Ögmundur F. Hannesson, Urðavegi 17.
Björgvin Jónsson, Vestmannabraut 58 a.
Guðjón P. Valdason, Hásteinsvegi 15 b.
Páll Ingibergsson, Hlaðbæ.
Þorsteinn Gíslason, Skólavegi 29.
Valdimar Árnason, Vallanesi.
Marínó Guðmundsson, Hásteinsvegi 28.
Ólafur Jónsson, Heimagötu 20.
Einar Guðmundsson, Hásteinsvegi 12.
Jón Í. Stefánsson, Mandal.
Þorgeir Jólsson, Vesturvegi 2.
Jóhann Pálsson, Heimagötu 20.
Ármann Friðriksson, Vestmannabraut 44.
Grímur Gíslason, Vesturvegi 5 a.
Runólfur Jóhannsson.
Ólafur Davíðsson, Vesturvegi 26.
Eiríkur Ásbjörnson, Urðavegi 41.
Ólafur Ísleifsson, Gerði.
Stefán Guðlaugsson, Gerði.
Ögmundur Ólafsson, Litlandi.
Sigfús Scheving, Heiðarhvammi.
Júlíus Þórarinsson, Skólavegi 18.
Eyjólfur Gíslason, Bessastöðum.
Guðjón Hafliðason, Skaftafelli.
Björgvin Vilhjálmsson, Vestmannaeyjum.
Jóhann Björnsson, Höfðahúsi.
Halldór Jónsson, Nýhöfn.
Júlíus Ingibergsson, Urðarvegi 34.
Guðni Jónsson, Vegamótum.
Ólafur Sigurðsson, Skuld.
Þórður Stefánsson, Höfða.
Jón Á. Jónsson, Kirkjuvegi 66.
Andrés Einarsson, Garði.
Karl Sigurðsson, Urðarvegi 16.
Alexander Gíslason, Vesturvegi 3 a.
Árni Þórarinsson, Fífilgötu 3,

Til Alþingis.

Reykjavík 3. mars 1938.

Hér með leyfi ég mér að senda hinu háa Alþingi fundargerð skipstjórafundar í Vestmannaeyjum frá 26. febrúar s.l., er hafði til umræðu nauðsyn bættra ljósvita við Eyjar, einkum aukið ljósmagn á Stórhöfðavita og nýjan vita á Þrídröngum.

Virðingarfyllst,
Jóhann Jónsson.

Til Alþingis.

Um leið og við sendum hinu háa Alþingi meðfylgjandi áskorun, þykir okkur hlýða að skýra frá því helsta sem gerðist á skipstjórafundum hér í Vestmannaeyjum 26. febrúar 1938.

Fundarstjóri var kosinn hr. skipstjóri Sigfús Scheving og fundarritari hr. Jónas Jónsson, framkvæmdastjóri. Málshefjandi var hr. skipstjóri Þorsteinn Jónsson, Laufási. Mál það, sem hér verður aðallega til umræðu, þori ég að fullyrða að hefur óskipt fylgi allra þeirra sem sjó stunda frá Vestmannaeyjum, einnig og allra þeirra sem leið eiga hér fram hjá Eyjunum, sem er mikill fjöldi og ekki síður annarra þjóða menn en Íslendingar. Á þessum tímum, er áhugi íslensku þjóðarinnar virðist vera fyrir alvöru að vakna fyrir slysavörnum, ættu vitabyggingar jafnhliða að vera fyrsta sporið sem stigið væri, því hvað er betri slysavörn en góður viti á hætulegri leið? Hve mörg slys hafa átt sér stað á boðum og blindskerjum við Þrídranga veit enginn en óhætt er að fullyrða að þar hafi margir sorgarleikir átt sér stað á umliðnum árum og ekki er óhugsandi að slys það, sem átti sér stað þann 6. þ.m., hefði ekki orðið ef góður viti hefði verið á Þrídröngum. Þingmaður okkar, herra Jóhann Þ. Jósefsson, hefur borið fram þingsályktun á Alþingi um rannsókn á því hvort hægt sé að reisa vita á Þrídröngum og yrði einróma áskorun allra skipstjóra hér mjög mikill stuðningur til að leiða þetta mikilvæga mál til lykta. Einnig er rétt, þar sem vitamálin eru komin á dagskrá, að skora á hæstvirt Alþingi að auka ljósmagn Stórhöfðavitans, það hljóta að vera léleg meðmæli fyrir land og þjóð í augum útlendinga er þeir bera saman grútartýruna á Stórhöfða og þrjátíu til fjörutíu mílna vitablossana sem þeir nýlega sigldu frá. Sigfús Scheving, skipstjóri, lýsti kostum Þrídranga sem vitastæðis er kæmu til af því að Þrídrangar eru á kanti hættusvæðis þess er við drangana er og því viti hvergi betur settur en þar. Þá las fundarstjóri upp áskorun til Alþingis sem samþykkt var af öllum skipstjórum, sem mættir voru á fundinum, þess efnis að skora á hæstvirt Alþingi að þegar á næsta sumri verði reistur viti á Þrídröngum. Undir áskorun þessa skrifuðu allir starfandi skipstjórar nöfn sín. Guðjón Jónsson, skipstjóri, sagði að hörmulegt væri til þess að vita að sjófarendur skyldu í mörgum tilfellum fyrir sjá Eyjarnar sjálfar en Stórhöfðavitann og sagðist hann í síðustu sjóferð hafa fyrst séð Álsej og síðan Stórhöfðavitann. Réttan útdrátt úr fundargjörðinni staðfesta:

Jónas Jónsson, fundarritari.
Sigfús Scheving, fundarstjóri.

19. fundur var haldinn í Akógeshúsinu þriðjudaginn 3. júní 1942 og hófst hann kl. 20:30.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, hún samþykkt í einu hljóði.
2. Þorsteinn Jónsson var kosinn fundarstjóri, vegna fjarveru formanns. Fundarstjóri sagði að aðaltilgangur þessa fundar væri að ræða um að leggja niður fiskiróðra á sunnudögum yfir sumarmánuðina, til að byrja með að minnsta kosti. Sagði hann að hér mundi mál til umræðna sem alla sjómenn varðaði mjög.
Um mál þetta urðu allmiklar umræður og voru flestir, sem til máls tóku, fylgjandi því að róðrar á sunnudögum yrðu lagðir niður og kom að lokum fram tillaga (Á.Þ.) um að fram færi nafnakall um það hverjir fylgjandi væru róðrum á sunnudögum yfir sumarmánuðina og hverjir væru mótfallnir því.
Fylgjandi róðrum á sunnudögum voru 14 en á móti 28.
Mál þetta var því afgreitt og samþykkt með 14 atkvæða meirihluta.
3. Næst var tekin til umræðna skrautsigling vélbátanna á sjómannadaginn. Um þetta mál var nokkuð rætt og voru flestir með því að tilkomumikið væri ef allir þeir bátar, sem nú væru hér í gangfæru standi, tækju sig saman og sigldu með jöfnu millibili og á sama hraða nokkra vegalengd, t.d. kringum Eyjarnar.
Þótti samt á þessu nokkur misbrestur, t.d. að bátarnir væru ekki nógu vel útlítandi og ræddu menn um að þeir yrðu málaðir. Þótti þó sumum að til þess yrði ekki tími og var þetta borið undir atkvæði, ásamt því að skrautsigling þessi skyldi fara fram.
Með greiddu 17 atkvæði.
Móti 11 atkvæði.
Og var því samþykkt að sigling bátanna skyldi fara fram, með 6 atkvæða meirihluta.
4. Næst voru talstöðvarnar teknar til umræðna og ræddi Gísli Magnússon um nauðsyn þess að færari maður yrði hér í þeim efnunum en sá sem hér væri völ á.
Einnig ræddi Hannes Hansson um það sama og gaf upplýsingar um breytingar þær sem í ráði væri að gera þeim viðvíkjandi eða skiptingu á batteríum og sagði hann að í ráði væri að nota eingöngu blautbatterí sem væru mikið öruggari.
Næst las ritari upp skeyti til félagsins frá Póst- og símamálastjórninni, og er skeyti þetta svar við tillögu þeirri sem samþykkt var á fundi 5. mars þ.á. og send var Póst- og símamálastjórn óbreytt. Skeytið er svo hljóðandi:
"Höfum meðtekið bréf yðar 5. mars varðandi talstöðvar, stopp. Samkvæmt símtali í dag við Harald Eiríksson, sem fyrir hönd Landsímans annast eftirlit og viðgerðir talstöðva í Vestmannaeyjum, er ekki talið nauðsynlegt að senda sérstakan viðgerðarmann þangað, **stopp**. Haraldur telur að stöðvarnar séu í lagi þegar batteríum er haldið vel við, stopp. Að öðru leyti eruð þér beðnir að snúa yður til Haraldar varðandi þetta mál.
Póst- og símamálastjórnin."
Skeyti þetta er dagsett og mótttekið 9. mars 1942. Eftir að áðurgreindar umræður og upplestur skeytisins höfðu farið fram, kom fram eftirfarandi tillaga:
"Á fundi, sem haldinn var í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi 3. júní 1942: Fundurinn skorar á þingmann kjördæmisins að hlutast til um að ráðin verði bót á ófremdarástandi því sem reynst hefur á talstöðvum og móttökutækjum þeirra hér í Vestmannaeyjum því úrlausn sú, sem fengist hafi, sé algjörlega ófullnægjandi."
Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

5. Þá var rætt um ýmis mál viðvíkjandi hagsmunum sjómanna og var aðallega til umræðna Ísfisksamlagið. Kom fram megn óánægja um að takmarka veiðimagn á ?? kola eins og samlagið hafði gert og las Jónas Sigurðsson bréf frá samlaginu þessu viðkomandi.

Á fundinum var sótt um inntöku þriggja nýrra félaga, þeirra
Vigfúsar Guðmundssonar
Brynjólfs Brynjólfssonar
og Óskars Eyjólfssonar.

Inntökubeiðni þessara manna var samþykkt í einu hljóði.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson formaður.

Runólfur Jóhannsson ritari.

20. fundur var haldinn í Akógeshúsinu sunnudaginn 4. október 1942 og hófst hann kl. 16.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt mótatkvæðalaust.
2. Formaður tilkynnti að félaginu hefði borist bréf frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Gróttu í Reykjavík og félagsmenn væru beðnir um að ræða og gera tillögur um svar því viðkomandi. Bréfið var lesið upp og er svohljóðandi:

"Kæru stéttarbræður!

Hér í Reykjavík hefur verið stofnað félag þeirra manna sem hafa hið minna fiskimannapróf. Starfssvið félagsins er Reykjavík og útgerðarstöðvarnar við Faxaflóa að Akranesi undanskildu. Félag okkar hefur tekið ákvörðun um að beita sér fyrir hækkuðum réttindum okkar og leyfum við okkur að senda ykkur, ásamt félögum kringum land, bréf þetta og meðfylgjandi uppkast að áskorun til Alþingis sem við biðjum ykkur að athuga og endurbæta eftir því sem þið álítið þurfa. Það er innileg ósk okkar að við getum sameinast allir með þessi réttindi og allir sem okkur vilja hjálpa um sem líkastar kröfur (helst eins). Við trúum ekki öðru en að þið munið hafa áhuga fyrir þessu máli, það er að segja fyrir því að fá endurbætt réttindi.

Okkur er kunnugt um að útgerðarmenn hér við Faxaflóa muni fylgja okkur í þessu máli, þar eð þeir hafa orðið að miða stærð báta sinna við þessi réttindi sem við höfum fengið í það og það skiptið.

Án tillits til þess hvað hentugast þætti fyrir sjávarútveginn yfirleitt, vilja menn stækka báta sína en nota minnaprófsmenn því reynslan hefur sýnt þeim að minnaprófsmenn eru engu síður fiskimenn en hinir með meira prófið og ekki hafa þeir menn, sem hafa okkar réttindi sýnt þvilíkan dugnað í að stranda skipum sem hafa góð tæki t.d. miðunarstöðvar og dýptarmælinn, ásamt hinni miklu sólarhæð.

Nú viljum við biðja ykkur að taka þetta meðfylgjandi plagg til athugunar í sumar og gera við það þær breytingar sem þið álítið þurfa, eins og að framan greinir og senda okkur ekki síðar en í október í haust svo að við getum sem best samræmt kröfur okkar. Munum við þá senda ykkur aftur útdrátt úr kröfum allra félaganna því við álítum það höfuðnaðsyn að sameinast um sömu kröfu. Meining okkar er að senda þessar kröfur fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Við skorum á ykkur, alla stéttarbræður okkar, að beita ykkur fyrir þessu máli með því t.d. að safna undirskriftum, stofna félög o.fl.

Í félagi okkar eru þegar um 100 einstaklingar. Eins og að framan er sagt, munum við vinna kappsamlega að því að fá menn með okkar réttindi um allt land til að vinna með okkur í þessu máli. Einnig munum við gera allt sem unnt er til að fá útgerðarmenn alla til að vera með og vinna með okkur í þessu mikla nauðsynjamáli okkar og treystum við ykkur til að gera slíkt hið sama með bestu óskum.

Virðingarfyllst,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Gróttu.

Utanáskrift, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Gróttu,
Gísli Jónsson Hofsvallagötu 16 (sími 5580)"

Uppkast að kröfum til Alþingis.

Við, undirritaðir félagar í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu, skorum á háttvirt Alþingi Íslendinga að verða við eftirfarandi kröfum okkar: Í fyrsta lagi að hækka réttindi þau er hið minna fiskimannapróf veitir í 300 smálestir brúttó á fiskiskipum.

Að þeir sem þegar hafa tekið þetta próf, öðlist þegar rétt til að vera stýrimenn á skipum undir 300 smálestum.

Og þeir, sem þegar hafa starfað sem skipstjórar eða stýrimenn í 18 mánuði, öðlist réttindi þessi strax.

Skýringar:

Það er vitanlegt að hið minna fiskimannapróf veitir alla þá kunnáttu, sem venjulega er notuð í innanlandssiglingum.

Einnig hefur reynslan sýnt að hinn smærri skipastóll hefur verið talsvert miðaður við þessi réttindi vegna þess að útgerðarmenn hinna smærri skipa hafa sérstaklega viljað nota þessa menn. Margir hafa einnig viljað stækka þessi skip sín en réttindin, sem þetta próf veitir mönnum, virðast standa því fyrir þrifum að lagt sé út í slíkt nauðsynjamál og telst því rétt vera að bundinn sé endi á að skipastóll landsmanna sé skorinn stakkur eftir hinum óréttlátu réttindum, án tillits til þess hvað hentugt þyki og arðvænlegt, enda er okkur kunnugt um að úgerðarmenn munu fylgja okkur einhuga í þessu máli.

Reynslan hefur sýnt að meiraprófsmenn hafa strandað skipum sínum engu síður en við.

Eftir að framanskráð bréf og uppkast að kröfum til Alþingis hafði verið lesið upp, hófust umræður. Virtust menn í byrjun áhugalitlir en er frá leið var þetta nokkuð rætt og aðallega um skipastærðina því flestum þótti krafan um skip að 300 lestum of há.

Að lokum kom fram tillaga um að réttindin miðuðust við það sem hér segir:

"Skipstjóri á skipum undir 75 sml. í 36 mánuði að undangengnum 12 mánuðum sem stýrimaður. Að þessum tíma liðnum fáist réttindi til að vera skipstjóri með fiskiskip allt að 200 sml. eða stýrimaður á skipi allt að 300 sml."

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt.

Þá kom fram tillaga um að kjósa menn er semja skyldu bréf til áðurgreinds félags viðvíkjandi þessu máli. Í nefndina voru kosnir:

Guðni Jónsson, nefndarformaður.

Karl Guðmundsson.

Vigfús Guðmundsson.

3. mál. Á fundinum kom fram tillaga um að sótt yrði um inntöku fyrir Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Formannasamband Íslands.

Tillagan var samþykkt einróma.

4. mál. Formaður lagði fram ávarp frá Sjómannadagsráði Reykjavíkur. Var það lesið upp á fundinum og er svo hljóðandi: Ávarp.Sjómannadagur hefur verið haldinn hér í Reykjavík í fjögur undanfarin ár og auk þess í nokkrum kaupstöðum og veiðistöðvum úti um land. Fer þeim stöðum fjölgandi sem taka upp nýbreytni þessa. Er það nálega með eindæmum hve góðar undirtektir meðal almennings og stjórnarvalda þessi nýbreytni sjómanna hefur hlotið og sýnir að þjóðin sem heild kann vel að meta starf þeirra og þann mikilsverða þátt sem sjómannastéttin á í viðreisn hennar og velmegun.

Svo vel hafa hátíðahöld dagsins verið sótt og merkjasala gengið svo vel að árlega hefur verið nokkur tekjuafgangur. Hefur hagnaður af deginum farið vaxandi þrátt fyrir ýmsan kostnað sem lagt hefur verið í svo sem sjóminjasýningu, kaup á róðrabátum o. fl.

Að undanfögnu hefur verið til athugunar meðal trúnaðarmanna sjómannastéttarinnar hvernig verja skyldi afgangstekjum dagsins eftirleiðis. Framkomin tillaga um að sjómannadagurinn gangist fyrir byggingu dvalarheimilis fyrir uppgjafa sjómenn hefur fengið mest fylgi.

Þess vegna hefur Sjómannadagsráðið á aðalfundi sínum þann 1. mars þessa árs samþykkt að vinna að byggingu slíks heimilis og verja til þess sjóði sínum svo og afgangstekjum á næstu árum.

Skal heimilið byggt í nágrenni höfuðstaðarins þar sem aðstaða er góð og nokkur vinnuskilyrði fyrri heimilismenn eru fyrir hendi.

Jafnframt hefur Sjómannadagsráðið á sama fundi falið oss, undirrituðum, að gangast fyrir fjársöfnun um allt land í sama augnamiði. Skal fé því, er safnast kann, varið óskertu til byggingar áðurnefnds heimilis.

Vér leyfum oss því hér með að fara þess á leit við yður að þér leggið málefni þessu lið og gangist fyrir samskotum málefni þessu til stuðnings og sendum yður meðfylgjandi samskotalista. Hver gjöf, þó lítil sé, er með þökkum þegin.

Vér teljum ekki ástæðu til í þessu ávarpi að fara mörgum orðum um verðleika sjómanna eða nauðsyn þess að eftir þeim sé munað sérstaklega í ellinni. En reynslan sýnir hér sem annars staðar að með útbenslu sjávarútvegs og siglinga myndast í þéttbýlinu flokkur gamalla sjómanna, útslitinna fyrir aldur fram er litlu hafa úr að spila og fáa úrkosti. Það verður því eitt af nauðsynjamálum framtíðarinnar að sjá þessum mönnum fyrir samastað og væntum vér þess að allir unnendur sjómannastéttarinnar séu oss sammála um að rétt sé að hefjast handa nú þegar. Gjaldkeri samskotanefndarinnar er herra skipstjóri Björn Ólafsson, Mýrarhúsum Seltjarnarnesi, og veitir hann móttöku væntanlegum gjöfum til dvalarheimilisins.

Virðingarfyllst.

Í dvalarheimilisnefnd sjómannadagsins eru:

Sigurjón A Ólafsson, alþingismaður.

Grímur Þorkelsson, stýrimaður.

Guðbjartur Ólafsson, hafnsögumaður.

Björn Ólafsson, skipstjóri.

Þorsteinn Árnason, vélstjóri.

Þórarinn Kr. Guðmundsson, sjómaður.

Haukur Jóhannesson, loftskiptamaður.

Þetta var ávarp frá Sjómannadagsráði Reykjavíkur.

Eftir upplestur ávarps þessa urðu um það nokkrar umræður og varð niðurstaðan sú að þar sem sjómenn hér hefðu sjálfir svo mörg áhugamál og söfnunarstarfsemi þá mundi ekki tímabært að safna hér til dvalarheimilis í Reykjavík og var málinu þar með vísað frá.

5. Lesin upp nöfn þeirra sem gefið höfðu í samskot til ekkna þeirra manna sem drukknuðu hér við Vestmannaeyjar s.l. vertíð. Safnast höfðu kr. 2900.00 og eru gefendur samtals 21. Taldi formaður að fé þessu væri best að útbýta innan tíðar en kvað þó rétt að bíða dálítið enn þá ef vera kynni að einhverjir fleiri hefðu ætlað sér að gefa í samskot þessi.

6. Lögð fram styrktarsjóðsbók félagsins og lesið upp það sem henni hefur áskotnast og voru það kr. 200.

7. Þá var skorað á þá Sighvat Bjarnason og Þorgeir Jólsson að þeir beittu sér fyrir því að fisksölunni yrði komið í betra horf en nú væri og hefði verið.

Er hér átt við fisksölu í bæinn. Um þetta var nokkuð rætt og voru allir á einu máli um það að mjög mikil óþægindi væru því fylgjandi að þurfa að standa við afgreiðslu fiskjar er komið væri að, enda hefði sumum formönnum verið bannað að selja fisk í bæinn. Var nokkuð rætt um að nauðsynlegt væri að koma hér upp fisksölutorgi eins og tíðkaðist í öðrum kaupstöðum.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

21. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi föstudaginn 20. nóvember 1942 og hófst hann kl. 21:30 í Akógeshúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt mótatkvæðalaust.

2. Sótt um inntöku fjögurra nýrra félaga, þeirra:
Kristins Sigurðssonar, Hásteinsvegi 21.
Angantýs Elíassonar, Heimagötu 39.
Guðna Árnasonar, Flötum.
Svavars Antoníussonar, Kirkjuvegi 9b.

Inntaka þessara manna var samþykkt í einu hljóði.

3. Guðni Jónsson skýrði frá störfum nefndar þeirrar er kosin var á síðasta fundi og falið var að skrifa bréf til Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Gróttu í Reykjavík viðvíkjandi hækkun réttinda, eins og greint er í fundargjörð síðasta fundar.

Nefndin hafði samið bréfið og var það lesið upp á fundinum.

Einnig skýrði Guðni frá því að nefndin hefði komið sér saman um að réttara væri að senda samþykktar kröfur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi beint til Alþingis en að senda þær til Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Gróttu í Reykjavík eins og farið var fram á í áður greindu bréfi frá því félagi.

Um þetta var dálítið rætt og kom fram tillaga frá Sighvati Bjarnasyni þess efnis að sömu nefnd yrði falið að tala við formann Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Gróttu og skýra honum frá niðurstöðum nefndarinnar og félagssamþykkt máli þessu viðkomandi og jafnhliða að senda bréf það, er nefndin samdi, beint til Alþingis eða þingmanns kjördæmisins.

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði. Viðvíkjandi álitni nefndar þeirrar, sem að ofan getur, skal geta þess að nefndin leit svo á að vegna orðatiltækja þeirra, sem við væru höfð í bréfi frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Gróttu væri mjög hæpið eða sem sagt víst að Alþingi mundi knapplega svara beiðni þeirri eða réttara sagt kröfum sem farið væri fram á viðkomandi réttindahækkunum. Væri til dæmis á tveimur stöðum getið þess að skipstjórar stærri skipa hefðu lítið fram yfir minnaprófsmenn annað en að stranda skipum og fleira líkt þessu, og vegna þessa taldi nefndin heppilegra að fara þá leið sem áður greinir viðkomandi þessu máli.

4. Formaður minntist á samskotafé það sem safnast hafði síðastliðinn vetur til ekkna manna þeirra sem drukknuðu hér við Vestmannaeyjar þá vertíð.

Varð að samkomulagi að kosinn yrði maður úr félaginu til að útdeila þessum peningum fyrir jólin. Einnig var samþykkt að fara fram á að Sjómannafélagið Jötunn og Vélstjórafélag Vestmannaeyja skaffi annan mann og skuli þessir menn starfa sameiginlega að útdeilingu peningana.

Kosinn var Runólfur Jóhannsson.

5. Í samninganefnd fyrir næsta samningatímabil var kosinn Júlíus Sigurðsson.

6. Um félagsafmælið urðu nokkrar umræður, aðallega um hvort félagið skyldi standa eitt að afmælinu eða að t.d. vélstjórar yrðu með.

Að loknum þessum umræðum var þetta atriði borið undir atkvæði. Að félögin héldu sameiginlegt afmæli greiddu 27 atkvæði með, 2 á móti, nokkrir sátu hjá.

Í afmælisnefnd voru kosnir:

Eyjólfur Gíslason.

Jónas Sigurðsson.

Júlíus Sigurðsson.
Ólafur Sigurðsson.
Guðjón Valdason.

7. Um dýrtíðarmál var lítilsháttar rætt. Minntust menn á fiskverð og horfur sem framundan væru og þótti dauflaga horfa. Guðjón Valdason gat þess að á Akranesi og fleiri veiðistöðum við Faxaflóa væru mál þessi til athugunar.

Í nefnd til að athuga þessi mál voru kosnir Hannes Hansson, Guðjón Valdason og Sighvatur Bjarnason.

8. Þá var rætt um ýmislegt á víð og dreif t.d. fáa fundi í félaginu og slæma fundarsókn.

Óskar Gíslason stakk upp á að félagar reyndu að finna sér einhver skemmtileg atriði til að hæna menn að fundum.

Tillaga kom fram frá formanni félagsins um að fundir yrðu haldnir á hverju föstudagskvöldi til nýárs ef húsrúm fengist.

Tillaga þessi var samþykkt í einu hljóði.

9. Rætt var um nauðsyn þess að fá mann til að athuga talstöðvar bátanna áður en farið væri til fiskróðra í vetur og helst að kenna formönnum meðferð þeirra. Var stjórn félagsins falið að athuga þetta mál.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

22. fundur var haldinn í Akógeshúsinu föstudaginn 27. nóvember 1942 og hófst hann kl. 20:30.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt í einu hljóði.

2. Formaður minntist á réttindamálið og sagði að talað hefði verið við stjórn Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Gróttu í Reykjavík. Hefðu þeir fengið þær upplýsingar að þeir hefðu enn ekki tekið ákvarðanir að fullu þessu viðkomandi og einnig gáfu þeir þær upplýsingar að þeir hefðu í hyggju að ganga í Farmannasamband Íslands og mundu að því loknu taka ákvarðanir.

Um þetta var nokkuð rætt hvort bíða skyldi eða senda bréf beint til Alþingis frá Skipstjóra- og stýrimannafélagi Verðandi og varð að samkomulagi að bíða enn dálítið eða t.d. til næsta fundar og ræða þá enn um þetta mál og fá endanlegri ákvarðanir.

3. Dýrtíðarmálið: Guðjón Valdason skýrði frá störfum nefndar þeirrar sem hann var kosinn í og athuga átti hvað störfum fiskimanna við Faxaflóa liði í þessu efni eins og greint er frá í fundargjörð síðasta fundar. Sagðist hann hafa símtalað til Akraness og fengið þær upplýsingar að ekkert endanlegt hefði verið ákveðið þar viðkomandi þessu. Bátar væru þar farnir að róa og þær fréttir sem borist hefðu um þetta hefðu fæstar við rök að styðjast.

4. Afmælistímál. Nefndarmenn skýrðu frá því að þeir hefðu spurst fyrir um hús o.fl. og væri húsið fánlegt 19. desember. þaðár. og 6. janúar 1943. Var nefndinni falið af fundarmönnum að ákveða algjörlega hvenær afmælið skyldi haldið.

Einnig kom fram tillaga um að nefndin hefði rétt til að taka sér þá félagsmenn til aðstoðar sem nauðsyn krefðist.

Tillaga þessi var samþykkt í einu hljóði.

5. Vigfús Guðmundsson skýrði frá sjómannadeginum og því fé sem safnast hefði. Sagði hann að ekkert endanlegt hefði verið ákveðið með ráðstöfun peninga þeirra sem í sjóði væru frá síðasta sjómannadegi. Upplýsti Vigfús að nú myndu í sjóði 8.100. kr. Einnig upplýsti hann að kaupmaður, Helgi Benediktsson, hefði gefið á sjómannadaginn kr. 1.000 sem verja skyldi til byggingar kappróðrabáta og að Sjómannafélagið Jötunn hefði ákveðið að leggja fram 1.000 kr. Taldi Vigfús að vel gæti talist viðeigandi að Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi legði eitthvað af mörkum.

Um þetta var rætt á við og dreif og voru menn sammála um að nauðsynlegt væri að eiga góða kappróðrabáta. Hannes Hansson gat þess að samkomuhús væri höfuðnauðsyn og talaði hann um að ef hver félagsmaður legði eitthvað af mörkum, mundi hægt að koma húsinu upp, ef öll sjómannafélögin stæðu saman um húsbyggingu þessa.

Tillaga kom fram um að skora á formann Sjómannadagsráðs að kalla saman fund í Sjómannadagsráði og gera þau skil sem við eiga og leggja fram tillögur ráðsins um ráðstöfun peninga þeirra sem safnast höfðu á síðasta sjómannadegi.

6. Guðni Jónsson lagði fram bréf það sem nefndin sendi til Skipstjóra- og stýrimannafélags Gróttu í Reykjavík og er bréfið svohljóðandi:

"Vestmannaeyjum 23. nóvember 1942.

Við höfum í félagi okkar rætt kröfur þær sem þér hugðust senda til Alþingis um aukin réttindi fyrir skipstjóra og stýrimenn með hið minna fiskimannapróf. Erum við yður í öllum aðalatriðum sammála, þó álitum við vænlegra til framgangs málinu að hafa kröfurnar lægri en þér stingið upp á í skjali yðar.

Við sendum yður hér með afrit af kröfum þeim sem við samþykktum að senda Alþingi en sem við, eftir samtal við formann félags yðar, ekki gerum, fyrr en við vitum hvaða leið þér ætlið að fara í

Þessu máli og biðjum við yður vinsamlegast að láta okkur vita jafnskjótt og þér eruð ákveðinn. Félag okkar hefur einnig ákveðið að sækja um upptöku í Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og biðjum við yður góðfúslega að útvega okkur eyðublöð fyrir upptökubeiðnina.

Með félagskveðju,
f/h Skipstjóra- og stýrimannafélags Verðandi."

7. Í skemmtinefnd fyrir næsta fund voru kosnir:

Hannes Hansson.
Guðni Jónsson.
Kristinn Magnússon.

8. Formaður minntist á talstöðvarnar og upplýsti að í ráði væri að fá Harald Eiríksson á næsta fund og upplýsa og leiðbeina mönnum um notkun stöðvanna.

9. Rætt var um ýmislegt viðkomandi veiðarfæraskemmdum og kærur þeim sem fram hefðu komið. Varð að samkomulagi að nauðsyn bæri til að kjósa 3ja manna nefnd er aðilar sneru sér til áður en kært væri til lögreglustjóra og var ákveðið að taka þessi mál fyrir til frekari umræðna á næsta fundi.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

23. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi fimmtudaginn 3. desember 1942 í Akógeshúsinu og hófst hann kl. 20:30.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Á fundinn var mættur Haraldur Eiríksson og talaði hann áður en fundurinn var settur. Kvað hann sig fúsan að leiðbeina sjómönnum um notkun talstöðvanna og varð að samkomulagi að kennslan eða leiðbeiningar þessar færu framvegis fram í Hafnarhúsinu, helst tvisvar í viku og væri hæfilegt að um 20 menn væru í einu í hvert skipti.

3. Réttindamálið.

Formaður kvaðst hafa talað við Agnar Hreinsson formann Skipstjóra- og stýrimannafélags Gróttu í Reykjavík.

Skýrði Agnar frá því að í hans félagi hefði verið ákveðið að fresta því að réttindakrafa sú, sem um hefur verið rætt, yrði látin fara inn á Alþingi að þessu sinni.

Um þetta var lítilsháttar rætt og varð að samkomulagi að bíða enn um stund eða t.d. til næsta fundar með endanlegar ákvarðanir.

4. Formaður ræddi peninga þá sem ekkja Jóns Sigbjörnssonar gaf s.l. vor til stofnunar sjómannaskóla. Bað hann Þorstein Jónsson að skýra mönnum frá ummælum ekkjunnar er hún afhenti peningana, en Þorsteinn Jónsson tók á móti fénu af hennar hendi. Peningar þessir eru 1500 kr. eins og áður hefur verið greint frá.

Þorsteinn Jónsson skýrði frá því að tilgangur gjafar þessarar hefði verið sá að verja peningum þessum til stofnunar sjómannaskóla, sem hefði það ekki síst að markmiði að kenna mönnum meðferð segla á bátunum ásamt öðru verklegu sem sjómönnum má að gagni verða.

Um þetta var nokkuð rætt og einnig minnt á peninga þá sem óskiptir eru frá sjómannadeginum. Varð að samkomulagi að fresta með ákvörðun af félagsins hálfu um hvað nauðsynlegast væri að verja peningunum til.

5. Formaður minntist á talstöðvarnar og hvað hlustun í landi væri ábótavant. Kvað hann nauðsynlegt að koma því í betra lag. Minntist hann einnig ummæla Haralds Eiríkssonar um nauðsyn þess að sérstöð yrði sett hér upp, þar sem hlustað væri á bátana á öllum tímum sólarhringsins. Fleiri tóku til máls þessu viðkomandi og kom fram í umræðum þeirra að hlustun hér á stöðinni væri mjög ábótavant og nauðsyn bæri til að vinna að því að þessu væri kippt í betra horf.

Að loknum þessum umræðum kom fram tillaga um að kjósa menn í nefnd til athugunar á þessu máli. Þessir menn voru kosnir:

Óskar Gíslason
Árni Þórarinsson
Þorsteinn Jónsson

6. Skemmtinefndin, sem kosin var á síðasta fundi, tók næst til starfa og tók Hannes Hanson til máls. Las hann upp gamalt konungsbrjéf o.fl. til skemmtunar.

Þorsteinn Jónsson las kvæði eftir Kristján Jónsson og sagði einnig frá fyrstu ferð sinni sem formaður ásamt fleira til skemmtunar.

Í skemmtinefnd fyrir næsta fund voru kosnir

Þorvaldur Guðjónsson
Óskar Gíslason
Jón Ingvarsson
Guðni Grímsson

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1938 - 1944

Júlíus Sigurðsson

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

24. fundur, aðalfundur, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi var haldinn í Akógeshúsinu föstudaginn 11. des. 1942 og hófst hann kl. kl. 20:30.

Er þetta 24. fundur í félaginu en níundi fundur sem haldinn hefur verið á þessu ári.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir reikningsárið 1942-43. Fjéhirðir las upp reikningana, skýrði einstaka liði þeirra og svaraði fyrirspurnum í sambandi við þá. Að því búnu voru reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir í einu hljóði.
3. Kosin 7 manna nefnd samkvæmt félagslögum til að gera tillögu um menn í stjórn félagsins fyrir næsta ár og hlutu kosningu:

Guðni Jónsson.
Guðjón Tómasson.
Eyjólfur Gíslason.
Ragnar Þorvaldsson.
Guðmundur Vigfússon.
Jón Guðmundsson.
Guðni Grímsson.

Að afloknum störfum nefndarinnar kom hún fram með eftirfarandi lista:

Í formannssæti:

Árni Þórarinsson.
Hannes Hansson.
Óskar Gíslason.

Í fjéhirðissæti:

Karl Guðmundsson.
Ármann Friðriksson.
Vigfús Guðmundsson.

Í ritarasæti:

Runólfur Jóhannsson.
Þorsteinn Jónsson.
Ólafur Sigurðsson.

Fundurinn tilnefndi þessa menn:

Í formannssæti:

Finnboga Finnbogason.
Sighvat Bjarnason.

Í fjéhirðissæti:

Hannes Hansson.
Guðmund Vigfússon.

Í ritarasæti:

Ármann Friðriksson.
Willum Andersen.

Var því næst gengið til atkvæða.

Formaður var kosinn Árni Þórarinnsson með 17 atkvæðum, endurkosinn.
Varaformaður Hannes Hansson.

Fjéhirðir var kosinn Karl Guðmundsson með 27 atkvæðum, endurkosinn.
Varafjéhirðir Hannes Hansson.

Ritari var kosinn Runólfur Jóhannsson með 34 atkvæðum, endurkosinn.
Vararitari Ármann Friðriksson.

Endurskoðendur fyrir næsta ár voru kosnir:
Ármann Friðriksson.
Willum Andersen.

Tillaga kom fram um að kosnir yrðu gæslumenn fiskveiðisamþykktarinnar fyrir næsta ár og hefðu þeir jafnframt á hendi merkingu veiðarfæra. Stungið var upp á þessum mönnum:

1. Eyjólfur Gíslasyni, Búastöðum.
2. Ármanni Friðrikssyni.
3. Brynjólfi Einarssyni.
4. Sigurði Auðunssyni.
5. Ólafi Vigfússyni.
6. Guðna Grímssyni.
7. Guðjóni Valdassyni.
8. Angantý Elíassyni.
9. Finnboga Finnbogassyni.

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

Tillaga kom fram um að kosnir yrðu menn í Sjómannadagsráð.

Var stungið upp á þessum mönnum:

- Ársæli Sveinssyni.
Alexander Gíslasyni.
Guðmundi Vigfússyni.
Ármanni Friðrikssyni.
Óskari Gíslasyni.

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði og voru þessir menn endurkosnir.

4. Félagsgjöldin.

Um þau var talsvert rætt og komu raddir fram um að þau væru allt of lág. Að loknum umræðum kom fram tillaga um að hækka félagsgjöldin úr 25.00 upp í 30.00 af hverjum manni og jafnhliða að breyta 5. grein styrktarsjóðslaganna þannig að til styrktarsjóðsins skuli renna 2/3 partar félagsgjalda í stað 4/5 eins og samþykkt var á síðasta aðalfundi. Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt.

5. Lesið upp bréf frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Gróttu, og er bréfið svo hljóðandi:

"Reykjavík 8. desember 1942.

Heiðruðu starfsbræður.

Vér vonum að þér hafið fengið bréf það er við sendum yður síðastliðið vor þar sem við skorum á yður að hafa samtök við okkur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Gróttu í Reykjavík um að fá hækkuð réttindi okkar.

Nú finnst okkur við nánari athugun þetta málefni ekki vera nógu vel undirbúið til að senda áskorun til yfirstandandi þings um það. Fyrst og fremst höfum við ekki fengið svar enn þá frá ýmsum hlutum landsins og okkur er líka kunnugt um að ekki hafa verið stofnuð félög á ýmsum stöðum, þar sem virðast þó vera nógu margir skipstjórar og stýrimenn með hinu minna fiskimannaprófi til að stofna félög.

Við álitum nauðsynlegt að öllum kröftum verði safnað saman, sem hægt er, til að hrinda þessu máli áleiðis. Á Ísafirði er mannmargt skipstjórafélag starfandi. Það er í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og formaður þess er í stjórn félagsins. Þetta félag vill starfa með okkur en leggur til að við göngum í Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Formaður Ísafjarðarfélagsins telur mjög líklegt að við getum unnið þetta mál með samkomulagi við Farmanna- og fiskimannasambandið.

Nú álitum við að gerlegt sé að reyna þessa leið til að halda félögunum saman um málefnið. Álitum einnig betri friðsamlega lausn ef hún tækist, höfum enda ekkert skemmt fyrir okkur með að fara með þetta inn á Alþingi seinna ef þessi leið ekki heppnast.

Í Skipstjóra- og stýrimannafélagi Gróttu eru næstum allir minnaprófsmenn í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Garði og Sandgerði.

Á Akranesi er félag sem starfar með okkur að þessu máli, einnig í Vestmannaeyjum og Ísafirði og búumst við við að Siglufirðingar starfi einnig með okkur.

Akraness-, Ísafjarðar- og Siglufjarðarfélögin eru öll í sambandinu. Það er vitanlegt að það kunna að vera talsvert skiptar skoðanir um hvaða leið skuli fara til að fá réttindi okkar hækkuð. En ef öll félögin, sem til eru og hægt er að stofna, gengju í Farmanna- og fiskimannasambandið og fulltrúar frá þeim öllum mættu hér á þing sambandsins gætu fulltrúarnir komið sér saman um hvaða leið væri heppilegust.

Við skorum á ykkur sem starfsbræður okkar að þar sem ekki eru þegar félög að stofna þau nú þegar og ná sem allra flestum í þau. Í öðru lagi þar sem félög eru fyrir og fáir meiraprófsmenn eru í þeim félögum að láta þá ekki ráða fyrir ykkur í þessu máli.

Það er vitanlegt, enda nauðsynlegt, að við eigum heimtingu á að fá leyfi til að fara með skip, í það minnsta upp á 200 sml við fiskveiðar við Ísland. Við biðjum yður að lofa okkur að heyra eitthvað frá yður sem allra fyrst og senda það til skipstjórans Gísla Jónssonar Hofsvallargötu 16, sími 5580, sem mun gefa yður upplýsingar ef eitthvað væri. Svohljóðandi bréf sendum við um land allt þar sem við álitum að eitthvað sé af minnaprófsmönnum.

Undirskrift,

stjórn Skipstjóra- og stýrimannafélags Gróttu Reykjavík."

Um bréf þetta og réttindahækkunarmálið var nokkuð rætt og kom fram tillaga þess efnis að bréf það, sem nefnd sú, sem kosin var af félaginu, hafði samið, yrði ekki sent inn á Alþingi að þessu sinni. Tillagan var samþykkt með 15 atkv., 3 á móti. Tillaga kom fram um að kjósa menn í fiskisölusamlagsnefnd og fór fram leynileg kosning. Þessir menn voru kosnir: Óskar Gíslason með 23 atkvæðum og Sighvatur Bjarnason með 15 atkvæðum.

Á fundinum var lögð fram bankabók styrktarsjóðs félagsins og einnig lesin upp áheiti og gjafir til sjóðsins og er styrktarsjóðurinn nú kr. kr. 1486.18. Einnig voru lesin upp nöfn þeirra sem gefið höfðu til ekkna þeirra manna sem drukknuðu við Vestmannaeyjar s.l. vetur. Upphæð sú, sem gefin var, er kr. kr. 2950.00.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

25. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 20. desember 1942 í Akógeshúsinu og hófst hann kl. 13.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Þorsteinn Jónsson skýrði frá störfum nefndar þeirrar sem skipta átti samskotafé til ekkna þeirra manna sem drukknuðu hér s.l. vertíð og hafði nefndin lokið störfum sínum.

3. Helgidagaróðrar.

Eins og getið var í fundarboði þessa fundar, er aðaltilefni fundarins að ræða þetta mál.

Eins og vitað er var samþykkt á fundi sem haldinn var 3. júní að ekki yrði róíð á sunnudögum.

Var mál þetta þá afgreitt þannig með 14 atkvæðum meirihluta að ekki yrði róíð á sunnudögum yfir sumarmánuðina.

Umræður urðu allmiklar um þetta mál og kom fljótt í ljós að mjög óhægt var um samræmingu þar sem veiðarfæri þau, sem notuð eru, eru svo mismunandi. Sumir róa frá landi daglega en aðrir eru úti nokkra daga í senn t.d. trollbátarnir.

Eftir að mál þetta hafði verið rætt fram og til baka, kom fram tillaga þess efnis að prófkosning færi fram á þessum fundi um að afnema róðra á sunnudögum algjörlega í þessu byggðarlagi og að síðan yrði kosin nefnd manna sem gerði tillögur um þetta mál sem svo yrðu ræddar nánar á næsta fundi.

Prófkosningin fór þannig:

Með því að afnema róðra á sunnudögum allt árið um kring greiddu atkvæði 33, á móti 3 atkvæðum.

Í nefnd til að athuga mál þetta nánar og gjöra um það tillögur voru kosnir:

Sighvatur Bjarnason.

Finnbogi Finnbogason.

Guðni Grímsson.

Guðmundur Vigfússon.

Guðjón Jónsson.

4. Lesið upp bréf frá Sjómannafélaginu Jötuni. Bréfið er svohljóðandi:

"Á síðasta sjómannadegi afhenti Helgi Benediktsson, útgerðarmaður, Sjómannafélaginu Jötuni eittþúsund krónur að gjöf til byggingar kappróðrabáta er nota skyldi til kappróðra á hverjum sjómannadegi svo og við önnur tækifæri ef svo bæri undir.

Í sama tilgangi hefur Sjómannafélagið Jötunn einnig ákveðið að leggja fram sömu upphæð. En þessar 2 þúsundir ná skammt ef þetta á að komast í framkvæmd.

Þess skal enn fremur getið að stjórn Jötuns hefur leitað fyrir sér með fjárframlög frá ýmsum mönnum er hafa skilning á að bera góðan hug til sjómannastéttarinnar og hvarvetna fengið hinar bestu undirtektir, jafnvel dæmi til að gefið hefur verið vilyrði fyrir mjög rausnarlegri þátttöku.

Nú er erindi þessa bréfs hvort félag yðar mundi ekki sjá sér fært að leggja hönd á plóginn og leggja einhverja upphæð til kappróðrabátanna sem að sjálfsögðu þyrftu að vera tilbúnir fyrir næsta sjómannadag.

Einnig væri ekki illa til fundið að Sjómannadagsráðið léti eitthvað af mörkum af því fé er sjómannadagurinn á.

Stjórn Jötuns hefur átt tal við hr. bátasmið, Ólaf Ástgeirsson, og telur hann engin vandkvæði á byggingu 2ja slíkra báta hvorki hvað verk- né efniskaup áhrærir.

Með félagskveðju

Vestmannaeyjum, 19/12 – 42

f.h. Sjómannafélagsins Jötuns, Guðmundur Helgason.

Til skipstjóra og stýrimannafélagsins Verðandi, Vestmannaeyjum."

Eftir að ofanskráð bréf hafði verið lesið upp, var stungið upp á að kosin yrði nefnd til að athuga þá möguleika sem fyrir hendi væru til byggingar kappróðrabáta. Í nefndina voru kosnir Runólfur Jóhannsson, Óskar Gíslason og Karl Guðmundsson.

5. Næst var rætt um talstöðvarnar. Óskar Gíslason skýrði frá viðtali við Þórhall Gunnlaugsson, stöðvarstjóra og sagði hann að Þórhallur hefði haft góð orð um að betur yrði hlustað en verið hefði undanfarið.

Einnig var í þessu sambandi lesið upp skeyti frá Póst- og símamálastjóra viðvirkjandi viðgerðarmanni við talstöðvar hér. Skeyti þetta er frá í mars s.l. og er svar við bréfi frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi.

Einnig var rætt um nauðsyn þess að talstöðvar í bátum hér yrðu framvegis athugaðar af þar til hæfum manni og voru menn sammála um nauðsyn þess að því yrði komið í framkvæmd.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

26. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 27. desember 1942 og hófst hann kl.13 í Akógeshúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Helgidagaróðrarnir.

Sighvatur Bjarnason skýrði frá tillögum nefndar þeirrar sem kosin var á síðasta fundi til að gera tillögur um helgidagaróðrana.

Tillögur nefndarinnar voru á þá leið að ekki yrði róíð á sunnudögum frá 1. janúar til 15. mars en leyft yrði að fiska á sunnudögum frá 15. mars til 15. maí, og svo lokað til áramóta. Yrði dvalartími báta í höfn þá sunnudaga, sem lokað er, frá 6 á sunnudagsmorgni til 6 að kvöldi.

Frá Hannesi Hanssyni kom fram breytingartillaga svohljóðandi:

"Ekki verði róíð á sunnudögum frá 1/1 til 28/2 1943 og frá 15. maí til 31. desember að báðum dögum meðtöldum."

Umræður um þetta mál urðu allmiklar og var að loknum umræðunum borin undir atkvæði breytingartillagan og voru allir á móti henni.

Næst var borin upp tillaga sú sem nefndin lagði til og var hún samþykkt með 28 atkvæðum. Á móti henni greiddu atkvæði 8.

Var því með þessari atkvæðagreiðslu samþykkt að ekki yrði róíð á sunnudögum frá 1. janúar til 15. mars. Leyfðir yrðu sunnudagsróðrar frá 15. mars til 15. maí. En frá 15. maí og til 31. desember yrðu róðrar ekki leyfðir á sunnudögum.

Samþykkt þessi nær til allra báta í Vestmannaeyjum, hvaða veiðarfæri sem þeir stunda.

3. Kappróðrabátarnir.

Runólfur Jóhannsson skýrði frá störfum nefndarinnar sem kosin var á síðasta fundi og athuga átti möguleika þá sem fyrir hendi væru til smíði nýrra báta fyrir næstkomandi sjómannadag.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að vegna þeirrar dýrtíðar sem nú væri yfirstandandi, teldi hún ekki tímabært að koma upp bátum fyrir n.k. sjómannadag þar sem einnig væri mjög efasamt að nothæft efni væri fyrir hendi eða fáanlegt.

Hins vegar benti nefndin á báta Björgunarfélags Vestmannaeyja sem heppilega báta til kappróðra.

Viðkomandi fjársöfnun til bátanna lagði nefndin til að sérstök söfnun yrði látin fara fram einhvern tíma á n.k. vertíð og að framlag félagsmanna yrði ekki minna en t.d. Sjómannafélagsins Jötuns.

Um þetta var lítilsháttar rætt og féllust menn á nefndarálit þetta yfirleitt og var nefndinni falið áframhaldandi starf ásamt nefnd úr Sjómannafélaginu Jötni.

4. Á fundinum var sótt um inntöku nýs félaga, Einars Runólfssonar, Drífanda.

Var inntökubeiðni hans borin undir atkvæði og samþykkt.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

27. fundur var haldinn í Akógeshúsinu föstudaginn 22. janúar 1943 og hófst hann kl. 20:30.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Sótt var um inntöku nýs félaga, Guðmundar Tómassonar og inntökubeiðnin var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.
3. Lesið upp bréf frá Ármanni Friðrikssyni og er það svohljóðandi:

"Ég, undirritaður, get ekki felmt mig við samþykktir félagsins og segi ég mig því hér með úr félaginu." Dagsett 17. janúar 1943.

4. Júlíus Sigurðsson skýrði frá störfum sínum í samninganefnd þeirri sem hann var kosinn í. Las hann einnig upp greinar úr samningsformi því og bréfum sem farið hefðu millum Sjómannafélagsins Jötuns og Útvegsbændafélags Vestmannaeyja.

Kvaðst hann enga afstöðu hafa tekið viðkomandi málum þessum þar sem hann hefði ekki fullt umboð frá félaginu.

Um þessi mál var rætt allmikið, aðallega útskýrðu þeir gang þessara mála og þeirra bréfaskrifta sem farið hefðu millum félaganna þeir Sigurður Auðunsson, Guðmundur Vigfússon og eins og áður segir Júlíus Sigurðsson. Margir fleiri tóku einnig til máls og voru menn yfirleitt sammála um að veita Júlíusi Sigurðssyni umboð félagsins til væntanlegra samningsgjörða. Var þetta að lokum borið undir atkvæði og samþykkt með 26 atkvæðum.

5. Ólafur Sigurðsson gat þess að til vandræða horfði með húspláss hér í Vestmannaeyjum fyrir aðkomumenn og sjómenn og fari þetta stöðugt vaxandi. Tóku fleiri í sama streng og varð engin endanleg niðurstaða með hvaða leið mundi heppilegust til að bæta úr þessu.

6. Hannes Hansson minntist því næst á talstöðvarnar og hina ófullnægjandi hlustun á símstöðinni hér.

Skýrði Hannes frá því er bátur hans, Hafaldan, varð vélarstopp nú fyrir skömmu og stöðin hér hefði alls ekki getað náð sambandi við bátinn vegna truflana en Loftskéyfastöðin í Reykjavík hefði hins vegar náð ágætu sambandi við Hafölduna. Kvaðst hann hafa talað um þetta við Þórhall Gunnlaugsson og Harald Eiríksson og hefðu þeir verið því hlynntir að hlustunarstöð yrði starfrækt hér allan sólarhringinn yfir vertíðina.

Kvaðst hann einnig hafa símtalað við Ársæl Sveinsson sem nú er staddur í Reykjavík og hefði hann lofað að vinna ötullega að þessu máli.

Þá var lesið upp bréf frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, viðkomandi þessu máli, til hr. Landsímastjóra Guðmundar Hlíðdal Reykjavík.

Að lokum var stungið upp á mönnum til að skipuleggja þetta innan Vestmannaeyjaflotans.

Í nefndina voru kosnir:

Karl Guðmundsson.

Hannes Hansson.

Jónas Sigurðsson.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

28. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, laugardaginn 30. janúar 1943 og hófst hann kl. 18 í Hafnarskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Sótt um inntöku 2ja nýrra félaga, þeirra Elíasar Sveinssonar og Helga Bergvinssonar. Inntökubeiðni þessara manna var samþykkt í einu hljóði.
3. Formaður félagsins skýrði því næst frá því að fundur þessi væri haldinn vegna verkfalls þess sem í aðsigi virtist vera ef ekki gengi saman millum Sjómannafélagsins Jötuns og Útvegsbændafélags Vestmannaeyja. Sagði hann að úr því yrði að skera á fundi þessum hvort félagar vildu hefja verkfall eða ekki. Bað hann því næst Júlíus Sigurðsson, sem var skipaður í samninganefnd, að skýra frá gangi málanna.

Júlíus Sigurðsson tók næst til máls og upplýsti að yfirleitt hefðu aðilar komið sér saman um öll samningsatriði, nema ísinn.

Um þetta urðu allmiklar umræður og einnig um hvort félagsmenn skyldu virkir þátttakendur ef til vinnustöðvunar kæmi og gætti nokkurs hita í umræðum þessum. Töldu margir að hér væri um svo smátt atriði að ræða að meira mætti orðið telja þetta stífnismál en hagsmunamál.

Eftir að rætt hafði verið um þetta fram og til baka var látin fara fram leynileg atkvæðagreiðsla. Skyldu þeir, er verkfall vildu hefja, skrifa já en þeir sem á móti væru, nei.

Atkvæði fóru þannig að jákvæð voru 7 en neikvæð 23. Og var þannig samþykkt af félagsmönnum að taka ekki þátt í verkfalli.

Á fundi þessum var útbýtt lista yfir hlustunartíma báta hér á komandi vertíð og sá Hannes Hansson um úthlutun þeirra.

Á fundinum var kosin 5 manna nefnd er vinna skyldi að samningsumleitunum.

Í nefndina voru kosnir Guðni Jónsson, Jón Guðmundsson, Karl Guðmundsson, Hannes Hansson og Eyjólfur Gíslason, Bessastöðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

29. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi þriðjudaginn 29. júní. Hófst hann kl. 21 í Akógeshúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Sótt um inntöku fjögurra nýrra félaga þeirra
Sigurðar Stefánssonar
Sæmundar Einarssonar
Þorsteins Þórðarsonar
og Pálma Sigurðssonar

Inntökubeiðnin var borin undir atkvæði og samþykkt.

3. Lesið upp bréf frá Póst- og símamálastjóra og afrit af bréfi Sverris Smith loftskammtamanns á varðskipinu Ægi er hann sendi Póst- og símamálastjóra varðandi hlustvörð skipa og báta og eru bréf þessi svohljóðandi:

"Reykjavík 17. apríl 1943.

Póst- og símamálastjórnin sendir yður hér með afrit af bréfi Sverris Smith, loftskammtamanns á v/s Ægi varðandi hlustvörð skipa á kallbylgju talstöðva (182m).

Þér eruð vinsamlega beðnir að senda póst og símamálastjórninni álit yðar og tillögur um umbætur á þessu sviði öryggismála sjómanna.

Til Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Vestmannaeyjum."

Afrit af bréfi Sverris Smith.
Varðskipið Ægir.

"Vestmannaeyjum 16. mars 1943.

Ég undirritaður leyfi mér hér með að gefnu tilefni að kvarta undan talstöðvanotkun fiskibáta frá Vestmannaeyjum, í fullu trausti þess, að háttv. Póst og símamálastjórn láti þetta mál til sín taka, með því að bæta inn í reglugerð um notkun talstöðva í fiskibátum, þeim ákvæðum sem að gagni mættu koma og láti símstjórnann í Vestmannaeyjum birta það til formanna þar."

Greinagerð:

"Varðskipið Ægir hefur á höndum bátagæslu við Vestmannaeyjar svo sem oft á undanförunum vertíðum. Er það starf með þeim hætti að verið er til taks á öllum tímum til að fara bátunum til aðstoðar ef með þarf. Einnig er gerir snögglega illviðri og bátarnir eru á sjó, er farið út og svipast um hvort nokkur þeirra sé hjálparþurfi. Er þessi starfsemi í samráði við Björgunarfélag Vestmannaeyja.

Menn verða að gera sér ljóst hversu mikilvægt starf þetta er og um leið hvað það útheimtir að hægt sé að vinna það í góðu samstarfi við skipstjóra bátanna, Björgunarfélag Vestmannaeyja og loftskammtastöðina í Vestmannaeyjum til þess að vel megi takast. Fiskiflotinn í Vestmannaeyjum mun vera um 80 bátar og er mikill hluti þeirra útbúinn talstöðvum sem þeir nota mikið til innbyrðis viðskipta er þeir eru að veiðum.

Þegar vél hefur bilað hafa þeir kallað Ægi til hjálpar og hefur hann þá farið samstundis til aðstoðar og sótt marga báta í vetur og dregið þá til hafnar. Kem ég nú að því er ég í upphafi bréfs þessa gef tilefni til kvörtunar yfir talstöðvanotkun formanna.

Þegar snögglega gengur á með illviðri við Vestmannaeyjar og margir bátar eru á sjó (en það er mjög algengt) er Ægir beðinn að fara og svipast um eftir bátunum og veita aðstoð ef með þarf.

Er þegar farið út þangað, sem álitíð er að flestir bátar hafi róíð en eins og nærri má geta er um stórt svæði að ræða þar sem svo margir bátar eru á sjó. Er nú ætlast til að bátar þeir, sem eru einskipa að draga línu sína við illan leik, kalli upp og láti vita af sér hvar þeir eru staddir svo að varðskipið viti hvert á að leita er bátana vantar.

Er nú haldinn stöðugur hlustvörður á loftskeytastöð skipsins en Vestmannaeyjaradíó tilkynnir komu bátanna í höfn.

Er nú orðið áliðið dags og veður orðið vont, fólk í landi er farið að óttast um báta þá sem ókomnir eru að landi og treystir á að varðskipið sé í fylgd með þeim.

Nú tilkynnir Vestmannaeyjaradíó að 3-4 bátar séu ókomnir. Einn hefur róíð vestur en 2 austur o.s.frv. og kallar radióið þessa báta jafnframt. En líkt er og að sumir formenn hafi ákveðið að svara ekki er svona stendur á. Kallað er með stuttum millibilum en ekkert svar. Nú tilkynnir Vestmannaeyjaradíó að allir bátar séu komnir að nema einn og gefur upp stað þann er hann sást síðast í dag, fyrir mörgum klukkustundum, vera að draga línu sína og biður Ægi um að fara þangað.

Það er kominn stormur og skipið sækir seint í áttina til uppgefins staðar. Kallað er á bátinn með stuttu millibili bæði af Ægi og Vestmannaeyjaradiói en ekkert svar. Loksins milli élja grillir í mjög óskýrt ljós og er Ægir þá kominn fram hjá því. Hægt er á ferð skipsins en þó lónað áfram, tilkynnt til Vestmannaeyjaradíós að við höfum séð ljós hverfa til lands og biðjum að síma (hringja í) okkur ef þetta skyldi hafa verið báturinn.

Eftir c.a. 1/2 tíma kemur svarið: "Báturinn er kominn og þá eru allir bátar komnir að."

Þetta endurtekur sig, bátarnir talast við er þeir eru að veiðum, kalla upp ef þeir eru hjálparþurfi, en á meðan allt er í lagi, er eins og þeir forðist að láta til sín spyrjast og svara ekki þótt kallaðir séu.

Þetta verður að lagast og ég skil svona framkomu sem brot á reglugerð um notkun talstöðva í fiskibátum, þar sem stöðvarnar eru settar í bátana til öryggis mannlífa. Við skulum hugsa okkur að bátur, sem svona er staddur einskipa og hefur ekkert látið vita af sér, fái á undanhaldinu brotsjó sem tekur af honum stýrishúsið og fleira svo hann verði rekald á eftir, því slík áföll koma án fyrirvara, væri þá ekki mikil trygging í því að hafa haft samband við hann svo að vitað sé nokkurn veginn hvert leita skal til að bjarga mannlífum? Vil ég að lokum nefna nokkra báta sem ættu að minnsta kosti að fá áminningu fyrir áðurgetið brot.

Hinn 13. febrúar s.l. var m/b Sigurfari VE 138 einn ókominn að landi í vestan stormi og hryðjum, lét ekkert til sín heyra né svaraði kalli.

Ægir mætti honum vestan Faxasunds kl. 19:30 á leið út í leit að honum. 13. mars s.l. gerði storm og allmargir bátar á sjó. Að lokum voru eftir þrír, 2 austan Eyja en einn vestan. Ísleifur V.E. 63 og Sævar V.E. 328 voru fyrir austan og svöruðu ekki köllum en komu að löngu eftir að aðrir bátar voru komnir að.

Ófeigur V.E. 324 var vesturfrá, einn eftir á sjó af flotanum og var hann mikið(oft) kallaður árangurslaust frá Ægi og úr landi.

Er þetta báturinn sem um getur að framan í bréfinu og hefur hann að mínum dómi brotið svo af sér að hann ætti að vera sviptur stöðinni.

Ég vil þó geta þess til samanburðar að í veðrinu hinn 17. febrúar var m/b Leó staddur undan Hjörleifshöfða og varð að halda sjó vegna veðurs í ca. 2 sólarhringa. Lét hann til sín heyra með 3ja klst millibili um að allt væri í lagi þótt móttökutæki hans væru svo biluð að hann heyrði ekki þótt honum væri svarað. Er það skiljanlegt hversu vel þessu var tekið bæði í landi og á varðskipinu, að geta fylgst með bæði hvar hann var og hvernig honum reiddi af. Ég vil að lokum geta þess að staðfestingu á þessari kvörtun minni munuð þér geta fengið hjá símstjóranum í Vestmannaeyjum svo og með útdrætti úr leiðarbók varðskipsins Ægirs ef þurfa þykir.

Þykist ég hér með hafa gefið þá skýringu á þessu máli sem til þarf til þess að gera róttækar ráðstafanir til að bæta úr þessu.

Virðingarfyllst,

(Sign.) Sverrir Smith, loftskeytamaður v/s ÆGIR.

Til Póst- og símamálastjóra."

Eftir að bréf þetta hafði verið lesið upp, hófust um það nokkrar umræður og heyrðist það að mönnum þótti mjög leitt að svo vítaverður trassaskapur skyldi koma fyrir eins og lýst er í bréfinu. Að umræðum loknum var stjórn félagsins falið að skrifa svarbréf til Póst- og símamálastjóra.

4. Lesið upp bréf frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Bréfið er svohljóðandi:

"Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hefur á fundi í dag haft til umsagnar bréf yðar dags 5. júní þ.á. þar sem þér óskið upptöku í Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Þar sem af yðar hálfu hefur verið fullnægt þeim reglum er gilda um upptöku í sambandið samkvæmt lögum þess (sbr. 4 grein.), hefir stjórnin samþykkt inntökubeiðnina og er félag yðar því löglegur sambandsaðili sem Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum.

Í því sambandi viljum vér leyfa oss að benda yður á í lögum F.F.S.Í. 2. kafla sambandslaganna um réttindi sambandsfélaga og 3. kafla um skyldur sambandsfélaga.

Næsta þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands verður haldið í sept. n.k. og verður yður nánar tilkynnt hvenær. Væntum vér þess að sjá þar fulltrúa frá félagi yðar.

Virðingarfyllt,

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
f.h. (sign) Halldór Jónsson.

Til Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi Vestmannaeyjum."

Á fundinum lágu fyrir skýrslueyðublöð til útfyllingar í sambandi við inntöku í Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og skrásettu menn sig þar aðallega áður en fundur var settur og voru alls skrásettir 23 menn.

5. Sighvatur Bjarnason skýrði frá samtali við Svein Benidiktsson varðandi greiðsluverð á síld á yfirstandandi sumri. Nokkrar umræður urðu um þetta og voru menn mjög ákveðnir í að standa saman um að krefjast hærra verðs en ákveðið hefði verið og töldu að verð það, sem ríkisverksmiðjurnar greiddu, mætti ekki minna en einstaklinga þeirra sem síldarbræðslu verkmiðjur hefðu til starfrækslu. En eins og kunnugt er, hafði verð á síld verið ákveðið lægra en hjá Kveldúlfi og Alliance félögunum. Stungið var upp á 3ja manna nefnd til að fylgjast með þessu og kalla saman á fund ef til ágreinings virtist draga. Í nefnd þessa voru kosnir:

Sighvatur Bjarnason
Ásmundur Friðriksson
Guðni Jónsson

6. Sighvatur Bjarnason tilkynnti frá Ísfisksamlagi Vestmannaeyja að hér eftir keypti Hraðfrystistöð Vestmannaeyja allan þann fisk sem fiskast kynni í sumar nema Magnús Guðbjörnsson mundi kaupa af 3-4 bátum. Verð fiskjarins yrði óbreytt frá því sem verið hefði. En eins og kunnugt er, verður nú yfir síldartímann ekki hægt að fá skip til útflutnings nema að mjög litlu leyti.

7. Gísli Magnússon hóf máls á því að Guðjóni Jónssyni, vélsmið, yrði sýndur einhver virðingarróttur frá félagsmönnum fyrir vel unnið starf í þágu sjómanna á undanförunum árum. En eins og mönnum er ljóst hefur Guðjón Jónsson um margra ára skeið rekið vélaverkstæði hér í Vestmannaeyjum og verið að allra dómi sérstaklega samviskusamur og vandur í starfi sínu.

Fleiri tóku til máls og voru þeir sammála um að hefjast handa með þetta og var stungið upp á 5 manna nefnd til að vinna að þessu ásamt stjórn félagsins. Í nefndina voru kosnir:

Gísli Magnússon, Eiríkur Jónsson
Jón Guðmundsson, Hannes Hansson
og Kristinn Magnússon

8. Guðni Árnason minntist á kjör stýrimanna og sagðist hafa frétt að í öðum veiðistöðum úti um land væri þeim greidd betri laun eða þeir skrásettir með hærri prósentur af afla en hér í Vestmannaeyjum.

Fleiri tóku til máls um þetta og var stungið upp á 3ja manna nefnd til að athuga þetta.

Í nefnd þessa voru kosnir:

Sigurður Stefánsson
Ólafur Jónsson
Þorsteinn Þórðarson

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

30. fundur.

23. september 1943 var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Sótt um inntöku nýs félaga, Óskars Gíslasonar Arnarhóli. Inntökubeiðnin var borin undir atkvæði og samþykkt.
3. Kosning fulltrúa á Farmanna- og fiskimannasambandsþingið sem ákveðið var að setja 27. september.
Vegna þess hvað fundurinn var fámennur og tíminn stuttur þar til þingið kemur saman, var kosin nefnd til að vinna með stjórninni að því að fá menn til fararinnar.
Í nefnd þessa voru kosnir:
Hannes Hansson
Þorsteinn Jónsson
Einar Guðmundsson
4. Hannes Hansson tók til máls og ræddi um hvað allt of margir ættu ógreidd ársgjöld til félagsins og hve dýrt væri að láta innheimta þau. Að endingu stakk hann upp á að kosin yrði 5 manna nefnd til að innheimta gjöldin. Stungið var upp á Guðjóni Valdasyni, Óskari Gíslasyni Arnarhóli, Jóni Guðmundssyni, Angantý Elíassyni og Einari Guðmundssyni.
Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Á fundinum voru alls mættir 17.

Árni G. Þórarinsson formaður.

Runólfur Jóhannsson ritari.

31. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi föstudaginn 5. nóvember 1943 og hófst hann kl. 9 e.m.

Sótt var um inntöku Óskars Ólafssonar og var hún samþykkt í einu hljóði.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Lesin upp bréf frá félaginu til þingmanns kjördæmisins Jóh. Þ. Jósepsonar viðkomandi hlustun á stöðinni hér í Vestmannaeyjum. Var farið þess á leit í bréfi þessu að hlustað yrði á stöðinni hér allan sólarhringinn yfir vertíðarmánuðina og að Landsíminn greiddi allan kostnað þessu viðkomandi. Var í bréfinu vitnað til Siglufjarðarkaupstaðar um hvort kaupstaðarbúar þar greiddu þann aukakostnað sem af stöðugri hlustun leiddi.

Hitt bréfið var þess efnis að sett yrði upp hér í Vestmannaeyjum fullkomin miðunarstöð með gæslu dag og nótt. Bæði þessi bréf voru dagsett 13. október þ.á.

3. Lesið upp bréf frá Einari Sigurðssyni með fyrirspurn um hve mikil aðsókn mundi verða að sjómannaskóla hér í Eyjum o.fl. þ.a.l.

Einnig var lesið upp svarbréf frá stjórn félagsins viðkomandi þessu. Í bréfi þessu er nemendafjöldi áætlaður árlega 20-30 eftir reynslu undangenginna ára.

Var einnig í bréfi þessu talin nauðsyn á að skóli yrði starfræktur hér ef mögulegt væri og helst að kennslan yrði þá mánuði er ekki væri stundaðir hér sjóróðrar eða yfir haustmánuðina.

Um þetta svarbréf stjórnarinnar og einnig bæði bréfin var talsvert rætt og sýndist mönnum misjafnt um þetta mál. Virtist jafnvel svo að heyra að mönnum þætti ekki tiltækilegt að hugsa um slíkt hér þar sem verið væri að reisa fullkominn sjómannaskóla í Reykjavík. Einnig var í umræðum þessum skýrt frá að nokkru tillögum þeim um kennslu í siglingafræði sem komu fram á Farmanna- og fiskimannasambandsþinginu í haust.

Var að lokum umræðum um skólamálið frestað til næsta fundar.

4. Þá var kosin nefnd til að skipuleggja hlustvörð á bátum n.k. vertíð.

Í nefnd þessa voru kosnir:

Hannes Hansson, Ólafur Sigurðsson og Karl Guðmundsson.

5. Lesið upp bréf frá bæjarstjóra þess efnis að stofna hlutafélag til þess að hrinda í framkvæmd framtaki um bættar samgöngur Eyjabúa við meginlandið og var í bréfi þessu óskað tillögu eða tillagna um með hvaða hætti verði best bætt úr samgönguörðugleikunum.

Um bréf þetta urðu allfjörugar umræður og var að þeim loknum kosin nefnd samgöngumálanefnd.

Í hana voru kosnir Sigurjón Ingvarsson, Grímur Gíslason, Sigurður Bjarnason, Guðni Grímsson og Ólafur Vigfússon.

6. Félagsafmælið. Rætt var um hvort mönnum fyndist heppilegra að félagsmenn stæðu einir að afmælinu eða, eins og að undanfögnu, að vélstjórar yrðu þátttakendur.

Þetta atriði var borið undir atkvæði og voru 16 atkvæði með sameiginlegri þátttöku, en 4 á móti. Var því næst kosin afmælisnefnd.

Í hana voru kosnir:

Jónas Sigurðsson, Júlíus Sigurðsson, Ólafur Sigurðsson, Guðjón Valdason og Sigurður Bjarnason.

7. Óskar Ólafsson stakk upp á að dýpkun yrði látin fara fram við austurbryggjurnar og svaraði formaður því að slíkt mundi ekki vera framkvæmanlegt vegna leiðsluleysis við dýpkunarskipið.

8. Sighvatur Bjarnason hóf máls á því að nauðsynlegt væri að fá mann hingað til að vinna að viðgerð og afréttingu kompása fyrir vertíðina og kvaðst hann hafa talað við mann í Reykjavík sem taldi sig fúsan að koma hingað til Eyja gegn lítilsháttar styrk t.d. ferðakostnaði eða þ.a.l.

Til þess að athuga þetta mál nánar var kosin nefnd og voru í hana kosnir:

Sighvatur Bjarnason, Hannes Hansson og Óskar Gíslason.

9. Þá var kosin nefnd manna til aðstoðar gjaldkera til að rukka inn félagsgöldin.

Í nefnd þessa voru kosnir:

Júlíus Ingibergsson, Eiríkur Jónsson, Grímur Gíslason, Karl Guðmundsson Viðey og Einar Jóhannesson.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

32. fundur.

Föstudaginn 12. nóvember 1943 var haldinn fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi í Akógeshúsinu og hófst kl. 9 e.h.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Sótt um inntöku 3ja nýrra félaga, þeirra Guðmundar Hákonarsonar, Ásbjörns Þórðarsonar og Jóns Stefánssonar.
Inntökubeiðni þessara manna var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.
3. Þá var tekin til umræðna lækni skoðun sjómanna áður en vertíð byrjaði. Voru það aðallega Sighvatur Bjarnason og Óskar Gíslason sem hófu máls á þessu. Einnig tóku fleiri til máls þessu viðkomandi.
Kom það fram í umræðum manna að allt of lítið þótti að ekki væri tekinn nema 1 dagur í viku til skoðunar og taldi Sighvatur að merkilegt mætti kalla að útgerðin hefði ekki hafist handa með þetta miklu fyrr.
Að lokum kom fram tillaga frá Júlíusi Sigurðssyni um að kosin yrði nefnd til að tala við læknana um þetta og helst að því framgengt að skoðun þessi taki sem skemmstan tíma.
Í nefndina voru kosnir:
Júlíus Sigurðsson, Sigurður Stefánsson og Karl Guðmundsson, Reykholti.
4. Guðjón Valdason tók næst til máls og skýrði frá byrjunarstörfum afmælisnefndarinnar. Sagði hann að 2 dagar gætu komið til greina að húsið væri fánlegt, laugardagurinn 18. desember og föstudagurinn 8. janúar 1944.
Um þetta var dálítið rætt og ræddi um það Eiríkur Jónsson og taldi hann að heppilegra væri að afmælið yrði haldið eftir nýárið eins og að undanförunu.
Var að lokum gengið til atkvæðagreiðslu sem fór þannig:
Með því að afmælið væri haldið 18. desember greiddu 18 atkvæði en með 8. janúar greiddu 5 atkvæði.
Þá voru kosnir 2 menn til viðbótar í afmælisnefndina þeir Jón Benónýsson og Óskar Gíslason.
5. Formaður tók næst til máls og sagði að næsti fundur mundi verða aðalfundur. Sagði hann að samkvæmt félagslögum skyldi kjósa 7 manna nefnd til þess að stinga upp á mönnum í stjórn félagsins. Hann taldi og að ef nefnd þessi væri ekki kosin fyrr en á aðalfundi, væri tími til athugana allt of naumur. Kvaðst hann því vilja stinga upp á því að nefndin yrði kosin nú á þessum fundi til þess að hún hefði góðan umhugsunartíma. Var um þetta lítilsháttar rætt og fékk góðar undirtektir.
Var því næst stungið upp á mönnum til að gera tillögur um menn í félagsstjórn fyrir næsta ár. Þessir menn voru kosnir:
Júlíus Sigurðsson, Sighvatur Bjarnason, Hannes Hansson, Eiríkur Jónsson, Gísli Magnússon, Guðjón Valdason og Ragnar Þorvaldsson. Nefndarformaður er Júlíus Sigurðsson.
6. Guðjón Valdason hóf máls á því að allt of lítið yrði úr sumarlifrinni hjá þeim sjómönnum sem sumarfiskirí stunda. Taldi hann að fyrst útgerðarmenn ekki hefðu kippt þessu í lag, yrði það að verða hlutskipti þessa félagsskapar að gera einhverja tilraun þessu til úrlausnar.
Um þetta var nokkuð rætt. Auk málshefjanda töluðu Hannes Hansson, Guðm. Vigfússon og Óskar Gíslason. Var að loknum umræðum kosin nefnd er vinna skyldi að því að fá betra verð og afgreiðslu fyrir þessa vöru.
Í umræðum þessum var upplýst að hjá manni þeim, sem lifrinni veitti móttöku, hafi iðulega gætt mikilla óliðlegheita og ónota og töldu ræðumenn óþarft að sætta sig við slíkt framvegis.

Í nefndina voru kosnir:
Lifranefnd.

Hannes Hansson, Guðmundur Vigfússon og Óskar Gíslason.

7. Sigurður Stefánsson hóf næstur umræðu um hlutakjör stýrimanna á bátum hér í Vestmannaeyjum. Kvað hann upplýst að kjör þeirra væru mun lægri en í öðrum veiðistöðvum. Á síldveiðum væru kjör stýrimanna á Vestmannaeyjabátum 3 1/2 % en á Ísafirði væru þau t.d. 4 1/2 % en í öðrum veiðistöðvum væru þau þarna á milli. Kvað hann það illa viðeigandi að þetta yrði svona framvegis og ekki að neinu leyti ástæða til slíks og taldi það hlutverk félagsins að fá samþykktan taxa fyrir stýrimenn í samræmi við aðrar veiðistöðvar.

Sighvatur Bjarnason tók næstur til máls og var hlynntur tillögu málshefjanda. Upplýsti hann einnig að kjör skipstjóra á Vestmannaeyjabátum væru lægri en annarsstaðar á síldveiðum.

Taldi hann þó að kjör Ísfirðinganna væru ósanngjörn og átti hann þar aðallega við kjör skipstjóranna.

Fleiri tóku til máls og var talið að heppilegast væri að skipa nefnd í málið því allur dráttur væri óheppilegur og óþarfur. Í nefndina voru kosnir:

Sigurður Stefánsson, Ragnar Þorvaldsson, Pálmi Sigurðsson, Sighvatur Bjarnason, Óskar Gíslason og Guðmundur Vigfússon.

Umræðum var nú lokið en formaður minnti á að talað hefði verið um á síðasta fundi að skemmtiatriði kæmu til greina og bað menn að láta þau í té ef einhverjir hefðu.

Kvaddi Eiríkur Jónsson sér hljóðs og las upp mjög skemmtilega sögu og var gerður að henni góður rómur.

Fleira var ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Árni G. Þórarinsson, formaður.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

Aðalfundur.

33. fundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi var haldinn í Akógeshúsinu þriðjudaginn 30. nóvember 1943 og hófst hann kl. 9 e.h.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Formaður kvaddi sér hljóðs. Kvað hann endurskoðendur félagsreikninganna ekki í plássinu nú og spurði félagsmenn hvort þeir vildu samþykkja þá Odd Sigurðsson og Guðjón Valdason og voru tilmæli þessi síðan borin undir atkvæði og samþykk. Að því búnu voru reikningarnir lesnir upp og síðan samþykktir.
3. Nefnd sú, sem kosin var á síðasta fundi til að kveða á um menn í stjórn félagsins fyrir næsta ár, lagði fram svohljóðandi tillögu:

Í formannssæti: Hannes Hansson,
til vara Ólafur Sigurðsson frá Skuld og Sighvatur Bjarnason.

Í ritarasæti: Runólfur Jóhannsson,
til vara Sigurður Stefánsson og Björgvin Jónsson.

Í gjaldkerasæti Karl Guðmundsson,
til vara Eiríkur Jónsson og Ásbjörn Þórðarson.

Fundurinn tilnefndi þessa menn:
Í formannssæti Óskar Gíslason og Árna Þórarinsson.
Í fjéhirðissæti
Í ritarasæti

Var því næst gengið til atkvæða.

Formaður var kosinn Árni Þórarinsson með 20 atkvæðum, endurkosinn.
Varaformaður Sighvatur Bjarnason.
Fjéhirðir var kosinn Karl Guðmundsson með 30 atkvæðum, endurkosinn.
Varafjéhirðir Hannes Hansson.
Ritari var kosinn Runólfur Jóhannsson með 26 atkvæðum, endurkosinn.
Vararitari Sigurður Stefánsson.
Endurskoðendur fyrir næsta ár voru kosnir Oddur Sigurðsson og Guðjón Valdason.

Tillaga kom fram um að kosnir yrðu gæslumenn fiskiveiðasamþykktarinnar fyrir næsta ár. Stungið var upp á eftirtöldum mönnum

1. Eyjólfur Gíslasyni Búastöðum
2. Jóni Guðmundssyni
3. Brynjólfi Einarssyni
4. Sigurði Guðnasyni
5. Ólafi Vigfússyni
6. Guðna Grímssyni
7. Guðjóni Valdasynti
8. Ólafi Ísleifssyni

9. Finnboga Finnbogasyni

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

4. Sjómannadagsráð.

Rætt var um kosningu manna í Sjómannadagsráð fyrir næsta ár og stungið upp á þessum mönnum:

Ársæli Sveinssyni
Sighvati Bjarnasyni
Alexander Gíslasyni
Guðmundi Vigfússyni
og Óskari Gíslasyni

Tillagan var borin undir atkvæði og voru ofanskráðir menn kosnir í einu hljóði.

Þá kom til umræðna hversu miklir peningar mundu vera til í vörslum

Sjómannadagsráðs og um það einnig hvernig þeim væri heppilegast ráðstafað. Um þetta mál kom fram tillaga frá form. Árna Þórarinssyni um að kosin yrði 3ja manna nefnd sem kynnti sér þetta í samráði við viðkomandi félög og Sjómannadagsráðið.

Í þessa nefnd voru kosnir:

Gísli Magnússon
Sighvatur Bjarnason
Sigfús Scheving

5. Ársgjöld til félagsins

Um þau var allmikið rætt og kom fram í umræðum manna að alls ekki mætti lækka þau en þó kom einnig í ljós að innheimta gjaldanna hefði gengið treglega fram að þessu og vegna þeirrar reynslu væri vafasamt hvort gjörlegt væri að hækka þau svo nokkru næmi. Í þessum umræðum upplýstist það að í Reykjavík væru gjöldin misjöfn eftir því hvaða stöðu félagsmaður hefði, t.d. hefðu skipstjórnarnir meiri gjöld en stýrimenn og þeir sem ekki hefðu neina stöðu. Að loknum umræðum komu fram tvær tillögur önnur frá Sighvati Bjarnasyni og hin frá Árna Þórarinssyni. Tillaga Sighvatar var fyrst borin upp og var hún þess efnis að skipstjórar greiddu í árgjald kr. kr. 40, stýrimenn 30, en aðrir félagsmenn 20. Með þessari tillögu greiddu 15 atkvæði en 21 á móti og tillagan þar með felld. Tillaga Árna Þórarinssonar var að skipstjórar greiddu 50, stýrimenn 40, en aðrir 25 að viðbættu árgjaldi til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og var einnig átt við það í hinni tillögunni. Tillaga Árna Þórarinssonar var samþykkt í einu hljóði.

6. Lesin upp styrktarsjóðsbókin samkvæmt styrktarsjóðslögum.

7. Lifrarnefndin.

Hannes Hansson skýrði frá störfum nefndarinnar og lagði fram bréf frá Lifrarsamlagi Vestmannaeyja frá 17. þ.m. Í bréfi þessu er tilgreint að samlagið hafi ákveðið á fundi sínum þ. 16 s.m. að lifur verði veitt móttaka allan sólarhringinn á tímabilinu 1. febrúar til 1. júní. En yfir sumartímamann verði lifur af dragnóta- og trollbátum hirt daglega af Básaskersbryggjunni. Er ætlast til að bátarnir hafi hreinleg og vel merkt lifrarílát og skilji þau eftir á vissum stað á bryggjunni.

8. Hlustun á kallbylgju talstöðva á 182 m. Um þetta var dálítið rætt og voru menn samþykkr sömu reglu og á síðustu vertíð nema að yfirleitt yrði haldinn hlustvörður þann tíma sem Vestmannaeyjaradió væri við.

9. Síldveiðitaxti Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi. Nefndarformaður, Sigurður Stefánsson, kom með samþykktan taxa af nefnd þeirri sem kosin var á síðasta fundi. Er hann

svohljóðandi: Skipstjórar 6 1/2 % af brúttó aflu og 250 kr. grunnkaup á mánuði. Stýrimenn 3 3/4 % af brúttó aflu og 150 kr. grunnkaup á mánuði.

Í þessu sambandi komu til umræðna kjör skipstjóra á tvílembingum. Kom fram tillaga frá Sighvati Bjarnasyni þess efnis að skipstjóri á seinni- eða eltibátnum eins og það var orðað fengi greiddar 50 kr. í grunnkaup á mán. og 4 % af brúttó aflu. Tillögur þessar voru bornar undir atkvæði og samþykktar í einu hljóði. Var stjórn félagsins síðan falið að skrifa stjórn Útvegsbændafélags Vestmannaeyja samþykktir þessar sem breytingu síldveiðitaxans.

10. Kompásanefndin skýrði frá störfum sínum. Hannes Hansson upplýsti að fengist hefði loforð frá Bataábyrgðafélagi Vestmannaeyja um 500 kr. styrk ef fenginn yrði fagmaður hingað nú fyrir vertíðina til að gera við kompása og rétta þá af. Kvað hann það einnig hafa verið afráðið að þessi maður yrði fenginn.

11. Tillaga kom fram frá Sighvati Bjarnasyni um að kosin yrði 3ja manna nefnd er athuga skyldi hverjir ekki hefðu greitt félagsgjöld sín og ræða við þá og ennfremur skyldi nefndin gera tillögu um hvernig best yrði fengin úrlausn til batnaðar viðkomandi þessu.

Í nefnd þessa voru kosnir:

Eyjólfur Gíslason
Angantýr Elíasson
Júlíus Ingibergsson

12. Samgöngumálanefnd, sem kosin var á fundi 5. nóvember þ.á., skilar eftirfarandi álitsgjörð: Nefnd sú, sem kosin var af Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi til þess að gera tillögu um á hvern hátt best verði bætt úr samgönguörðugleikum Vestmannaeyja við meginlandið, varð sammála um að framtíðarlausn á þessum málum yrði óhjákvæmilega flugsamgöngur. Nefndinni er hins vegar ljóst að ef flugsamgöngur eigi að hefjast þegar í stað verði aðeins um sjóflugvél að ræða, þar sem ekki er til neinn flugvöllur og efalaust dráttur á að hann komi upp. Í þessu sambandi vill nefndin benda á að hún hefur ekki, að svo komnu máli, haft aðstæður til að kynna sér fjárhagshlið þessa máls en leyfir sér að vísa til þess, að sú reynsla sem Flugfélag Íslands hlýtur að hafa í þessum eignum ætti að geta gefið örugga vissu um það á hvern hátt slíkum framkvæmdum yrði komið af stað. Má einnig í þessu sambandi athuga hvort ekki væri heppilegt að finna lausn á þessu máli í samvinnu við Flugfélag Íslands. Undirritaðir voru 4 nefndarmanna. Um tillögu eða álitsgjörð þessa urðu talsverðar umræður og töldu sumir, er til máls tóku, að viðeigandi væri að vísa henni til föðurhúsanna en svo fór þó að lokum að hún var borin undir atkvæði og greiddu 12 með, enginn á móti. Síðasta mál sem rætt var voru helgidagaróðrarnir. Í umræðum manna kom fram að breyta ekki frá því sem var síðastliðið ár. Þó kom fram tillaga frá Óskari Ólafssyni um það að togbátar mættu ekki fara úr höfn fyrr en kl. 24 á sunnudögum. Tillaga þessi var felld með öllum atkvæðum. Samþykktar reglur um sunnudagaróðra eru því svo hljóðandi: Frá 1. janúar 1944 til 15. mars skuli ekki róíð á sunnudögum. Frá 15. mars til 15. maí er samþykkt að róa á sunnudögum. En frá 15. maí til 31. desember séu sunnudagaróðrar ekki leyfðir. Samþykkt þessi var til allra báta í Vestmannaeyjum hvaða veiðarfæri sem þeir stunda.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson. ritari.

34. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 16. janúar 1944 og hófst hann kl. 16 í Akógeshúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Samþykkt inntaka nýs félaga, Jóns B. Jónssonar frá Ólafshúsum.
3. Guðjón Jónsson gerði þá fyrirspurn til félagsmanna hvort ekki væri hægt að stemma stigu við því að 1 og 1 bátur færi til fiskiveiða á sunnudögum eins og komið hefði fyrir að undanfögnu. Þessari fyrirspurn eða uppástungu Guðjóns var vel tekið og komu fram tillögur um að senda mann á fund Sjómannafélagsins Jötuns, sem stóð yfir, með þau tilmæli að félagið beitti sér fyrir að sunnudagsróðrasamþykktin yrði framvegis haldin af öllum sem róðra stunduðu. Til farar þessarar bauð sig fram Jón B. Jónsson og fór hann með bréf sama efnis og frá hefur verið greint.
4. Lesið upp bréf frá Ísfisksamlagi Vestmannaeyja þess efnis að meðferð fiskjar yrði vönduð sem best framvegis.
5. Lesið upp bréf frá sjómanna blaðinu Víkingi og samþykkt að greiða til blaðsins 50 kr. reikning fyrir auglýsingu.
6. Karl Guðmundsson bað um samþykki fyrir árstíllagi til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og var samþykkt að greiðsla til sambandsins skyldi vera 8 kr. á hvern félagsmann.
7. Árni Þórarinsson hóf máls á því hversu nauðsynlegt væri að í hverjum bát væri hafður báruflýgur 1 eða fleiri. Var gerður að þessu góður rómur en engin samþykkt. Þá kom einnig til umræðna með uppsátur fyrir skjöktbáta og festarhöld. Var í því sambandi stjórn félagsins falið að skora á hafnarnefnd að hefja á þessu endurbætur sem allra fyrst.
8. Öryggismál. Eyjólfur Gíslason, Búastöðum, stakk upp á því, hvort ekki væri nauðsynlegt að hafa sterkt ljós inni á Eiði yfir vertíðina svo að þeir bátar, sem kæmu þar í vöndum veðrum, gætu betur áttað sig á, hvar þeir væru og týndu síður landinu t.d. ef um dimmuveður væri að ræða. Ragnar Þorvaldsson taldi nauðsynlegt að hafa skipshöfn tilbúna við björgunarbátinn á Skansinum þegar leiðin væri varhugaverð en von á bátum. Þorgeir Jóelsson stakk upp á því hvort ekki mundi kleift að koma því í kring að gera bátum aðvart í gegnum talstöðvarnar ef illt veður væri í aðsigi. Þá kom einnig til umæðna ljósbauja innan við Eiðið og var stjórn félagsins falið að grennslast fyrir um hvort ekki væri hægt að koma því í framkvæmd.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

35. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn 27. september 1944 og hófst hann kl. 21.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Formaður kvaddi sér hljóðs og kvað hann aðalefni þessa fundar að kjósa fulltrúa á þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og var stjórn félagsins falið að útvega menn eða mann til fararinnar.
3. Þá minntist formaður á tillögu síðasta fundar um ljósbauju innan við Eiðið. Hann kvaðst hafa talað við vitamálskrifstofuna um þetta og töldu þeir heppilegra að fast ljós yrði sett á vestasta Dranginn fyrir innan Eiði og var það verkfræðingur Vitamálskrifstofunnar sem talað var við en þetta ljós taldi hann ekki fánlegt fyrr en eftir stríð. Þá var einnig rætt um að nauðsynlegt væri að þeir sem færu á farmannaþingið fengju sem greinilegast að vita vilja félagsmanna um hvaða afstöðu bæri að taka til réttindamálsins sem ótvírætt kemur til umræðna og samþykka á farmannaþinginu. En vegna þess hvað þessi fundur var illa sóttur en málefni þau sem fyrir lágu mikilvæg, var ákveðið að boða aftur til fundar n/k föstudag og fá þá sem allra flesta félagsmenn til að mæta og ræða málin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

36. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi föstudaginn 29. september 1944 og hófst kl. 21 í Akógeshúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Sótt var um inntöku þriggja nýrra félaga, þeirra: Guðjóns Vigfússonar, Magnúsar Einarssonar og Brynjólfs Gústavssonar.
Inntökubeiðni þessara manna var borin undir atkvæði og samþykkt.
3. Kosnir fulltrúar á n.k. þing Farmanna- og fiskmannasambands Íslands og voru það þessir menn:

Sigurður Bjarnason
Þorvaldur Guðjónsson
og Ásmundur Friðriksson

4. Lesnar upp breytingartillögur við lög Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
Um þessar breytingartillögur urðu nokkrar umræður en efni tillagnanna er það í aðalatriðum hvort sameina skyldi yfir- og undirmenn skipa, í eitt félag m.ö.o. að gefa hásetum og undirmönnum kost á að ganga í Farmannasambandið.
Nefnd sú, er kosin var á síðasta farmannaþingi, klotnaði um málið.
Meirihlutinn í nefndinni þeir Konráð Gíslason og Henry Hálfdánarson héldu eindregið með að allir sjómenn bæði undir- og yfirmenn gengju í eitt allsherjafélag. En minnihluti nefndarinnar eða Hallgrímur Jónsson var því mótfallinn og skiluðu báðir aðilar greinargjörð málum sínum til skýringar.

Formaður bar fram eftirfarandi tillögu:

"Fundurinn samþykkir að fela fulltrúum þeim, sem kosnir hafa verið að þessu sinni á Farmanna- og fiskimannasambandsþingið, að fylgja tillögu minnihluta um breytingar á lögum Farmannasambandsins."

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

5. Rætt var um ljósbauju innan við Eiði. Einnig var rætt um legufæraútbúnað báta hér og komu fram raddir um að hann mundi ekki svo góður eða tryggur sem skyldi á mörgum bátum og að menn yfirleitt þyrftu að athuga þetta betur framvegis og hafa legufæri bátanna í betra standi.

6. Sighvatur Bjarnason minntist á að mál væri til komið að athuga þann sjóð sem safnast hefði á sjómannadaginn og að rétt væri að nota féð annaðhvort til byggingar kappróðrabáta eða einhvers þess sem talið væri heppilegast fyrir sjómennina.

Stungið var upp á Guðna Grímssyni sem starfandi fulltrúa fyrir félagið í þessu máli og var hann samþykktur.

7. Talstöðvarnar. Óskar Ólafsson hóf máls á því að mjög ábótavant væri með talstöðvar hér og upplýsti það að Haraldur Eiríksson hefði sagt af sér því starfi sem hann hefur haft viðvíkjandi talstöðvum og var stjórn félagsins falið að tala við Harald um þetta og ef rétt reyndist að hefjast þá handa í þessu máli.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

37. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn 1. nóvember 1944 og hófst hann kl. 20:30 í Akógeshúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Formaður kvaddi sér hljóðs og sagði að hér á fundinum væru mættir menn sem hefðu meðferðis lista yfir gjafir þær sem safnast hefðu 9. febrúar 1944 vegna sjóslyss þess sem átti sér stað (12. febrúar 1943) og mundu þessir menn skýra frá fjársöfnun þessari. En áður en það væri gjört, bað hann fundarmenn að rísa úr sætum sínum til minningar þeim sem fórust áður greindan dag.
Næst tók Hannes Hansson til máls og skýrði frá söfnun þessari og lagði fram skilríki henni viðkomandi.
Safnast hafði kr. 55.901,00.
3. Sighvatur Bjarnason tók næst til máls og lýsti ánægju yfir árangri þeim sem náðst hefði með samskotum þessum. En um leið minntist hann Ekknasjóðsins og sagði að hann hefði nú starfað í 54 ár en ætti nú aðeins 36.739,93. Taldi Sighvatur að óskandi væri að sjóðsins yrði minnst betur framvegis.
4. Afmæli félagsins.
Í afmælisnefnd voru kosnir:
Jónas Sigurðsson
Willum Andersen
og Guðjón Valdason

Þessir menn voru kosnir með 16 atkvæðum gegn 12.
5. Kompásaafréttingar fyrir n.k. vertíðarúthald voru ræddar og komu fram einróma raddir um nauðsyn þess að á staðnum væri starfandi maður sem bæði gæti gert við kompása og rétt þá af. Einnig komu fram í umræðum þessum upplýsingar viðkomandi manni þeim sem starfaði hér fyrir s.l. vertíð og var fenginn hingað fyrir atbeina félagsins og Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja. Þessi maður, Guðmundur, rétti af hér í fyrra 30 kompása og endurbætti 40.
Nefnd var kosin til að starfa að þessu máli í samráði við Bataábyrgðarfélagið.
Í þessa nefnd voru kosnir:
Hannes Hansson
Sighvatur Bjarnason
og Árni Þórarinsson
6. Talstöðvarnar.
Rætt var um nauðsyn þess að stöðvar yrðu í lagi. Til máls tóku Hannes Hansson, Ársæll Sveinsson o.fl.
Kom fram í umræðum þessum að menn töldu nauðsyn á að hingað yrði fenginn maður fyrir n.k. vertíð sem þekkingu hefði á þessum hlutum og gæti athugað og gert við talstöðvarnar.
Stungið var upp á nefnd manna til að vinna að þessum málum í samráði við Björgunarfélag Vestmannaeyja.
Þessir menn voru kosnir:
Eyjólfur Gíslason
Runólfur Jóhannsson
Ingvar Gíslason
og Jónas Sigurðsson

7. Rætt var um að kosnir yrðu menn í nefnd til að kveða á um menn í stjórn félagsins fyrir n.k. ár og skyldi hún hafa lokið störfum fyrir n.k. aðalfund. Í nefndina voru kosnir:

Grímur Gíslason
Sigurður Bjarnason
Brynjólfur Brynjólfsson
Eiríkur Jónsson
Guðni Grímsson
Ólafur Ísleifsson
Guðmundur Tómasson

8. Rætt var um samninga og kjör fyrir n.k. samningatímabil. Tóku allmargir til máls og kom fram í umræðum manna að rétt væri eða tilhlýðilegt að kjósa nefnd frá þessu félagi til að vinna að samningsundirbúningi fyrir félagsmenn.

Í nefnd þessa voru kosnir :

Arnoddur Gunnlaugsson
Pálmi Sigurðsson
Angantýr Elíasson
Þorgeir Jólsson
Gísli Gíslason

9. Sjómannadagsráð

Formaður þess, Ársæll Sveinsson, skýrði frá því að nefndin hefði ákveðið að koma saman bráðlega og lofaði hann eða taldi að reikningar sjómannadagsins, eða yfir það sem safnast hefur undanfarið, skyldu lagðir fram á næsta fundi sem haldinn yrði í þessu félagi.

10. Eiríkur Jónsson hóf máls á því að félagið ætti að beita sér fyrir því, að styrkja þá sjómenn eða félagsmenn sem misstu heilsuna og yrðu að hætta að stunda sjó á miðjum aldri og átti hann hér aðallega við mann sem væri góður og gegn félagi.

Hannes Hansson tók í sama streng en Ársæll Sveinsson upplýsti það að þessum manni væri ætlað starf yfir næstu vertíð að minnsta kosti ef hann vildi þiggja. En til frekari fullvissu var þessu vísað til stjórnar félagsins.

11. Til umræðna kom með lifur þá sem togbátarnir koma með til innlegs í Lifrarsaml. Vestm.eyja á vertíðinni. Í umræðu þessum kom fram að þetta hefði verið ýmsum vandkvæðum bundið að undanfögnu, bæði það að á sumum bátum hefðu ílátin verið mjög illa verkuð og einnig að oft væri örðugt að koma lifrinni frá eða á móttökustað.

Kosin var nefnd til að athuga þetta og má nefna nefndina lifrar- og fiskimálanefnd.

Í nefndina voru kosnir:

Hannes Hansson
Jón Benónýsson
Björgvin Jónsson

12. Sundlaugin.

Til umræðna kom hversu óviðeigandi og óþolandi það væri að sundlaugin væri í því óstandi eða ónothæfni sem hún hefði verið að undanfögnu þar sem hér væri um að ræða eitt stærsta öryggismál sjómanna.

Í þessu máli upplýsti Ársæll Sveinsson að rör og ketill í laugina væru nýkomin og að bæjarstjórn hefði áætlað henni 100.000,- kr. til endurbóta og fullkomunar og yrði hafist handa svo fljótt sem mögulegt yrði.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1938 - 1944

Runólfur Jóhannsson.

38. fundur.

Aðalfundur var haldinn

miðvikudaginn 15. nóvember 1944 og hófst hann kl. 20:30.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Sótt um inntöku nýs félaga, Sigurðar Ólafssonar. Inntökubeiðnin var borin undir atkvæði og samþykkt.
3. Gjaldkeri las upp endurskoðaða reikninga félagsins, útskýrði þá og svaraði fyrirspurnum. Að lokum voru þeir bornir undir atkvæði og samþykktir.
4. Formaður kvaddi sér hljóðs og skýrði frá störfum félagsins frá stofnun þess og fer það hér á eftir.

= Greinargerð =

Ég hafði hugsað mér að telja upp á þessum fundi helstu verkefni félagsins á þeim stutta tíma sem liðinn er frá stofnun þess.

Félag þetta er nú þegar að verða 6 ára. Það var stofnað 27. nóvember 1938.

Þetta félag var stofnað sérstaklega vegna þess nauðsynjamáls að komið yrði upp vita á Þrídröngum.

Að því máli var unnið mikið og þó að þetta félag væri þá ekki löglega stofnað þá er það í raun og veru fyrstu störf þess, því það eru sömu mennirnir sem unnu að því og þeir er stofnuðu þetta félag litlu síðar.

Þá var því komið í framkvæmd að allir, sem á sjó færu væru tryggðir og sömuleiðis að eftirlit væri með því haft að ára- og trillubátar væru í sæmilegu standi. Það voru talsverð brögð að því í þá daga, að menn færu ótryggðir og á lélegum bátum á sjó vetur og sumar.

Félagið beitti sér fyrir því að sjóleiðsla væri lögð í Básaskersbryggjuna, sömul. að steipt væri plata með austurkanti hennar. Þá var tekin fyrir afgreiðsla olíunnar, sem gekk óþolandi seint, úr því var bætt.

Því næst var tekin fyrir merking veiðarfæra, settar reglur og hún skipulögð með mjög góðum árangri. Það ástand sem á þessum málum var, mun hafa verið öllum til skaða og skammar. Félagsmenn stóðu einhuga að þessu máli og er óhætt að segja að þau störf sem unnin voru í þágu þessa máls hafi fengist hundraðfalt borguð í minna erfiði á sjónum og meiri afla.

Þá voru tekin til meðferðar fiskisólumál og gjöri ég ráð fyrir að það megi þakka þessu félagi að hægt var að skipuleggja fiskisóluna og leggja niður það vandræða fyrirkomulag sem áður var á þessum málum. Þetta mál skiptir svo miklu fyrir þennan bæ og alla íbúa hans fjárhagslega að það veltur á hundruðum þúsunda með eða mót eftir því hvernig það er skipulagt og stjórnað.

Talstöðvarnar hafa verið hér til umræðna og mikið gert í því máli en ekki enn þá fengist viðunandi lausn, en að því er unnið, og verður vonandi ekki langt að bíða að það mál komist í gott horf.

Í sambandi við talstöðvarnar beitti félagið sér fyrir því að hlustað væri hér á lofskeytastöðinni allan sólarhringinn. Það fékst í gegn og maðurinn, sem hefur haft næturvaktina, hefur leyst starfið þrýðilega af hendi og svo heppilega vill til að þessi maður er einn af okkar félögum. Ennfremur var komið á skipulagðri hlustun innan fiskiflotans, sem hefur gert mikið gagn og er mjög mikið öryggismál.

Gjörð var tilraun að venja menn af bryggjulegum með báta sína.

Því var komið til leiðar að maður væri fenginn til að gjöra við og leiðréttu kompása og áttu allir skipstjórar að nýta sér þessi tækifæri því það átti alveg að hverfa úr sögunni að menn væru með ónýta og vitlausu kompása.

Helgidagaróðrar hafa verið bannaðir mestan hluta ársins. Launakjör hafa verið rædd og gjörðir samningar.

Þetta var greinargjörð Árna Þórarinssonar hafnsögumanns sem hefur verið formaður félagsins frá stofnun þess.

5. Nefnd sú, sem kosin var á síðasta fundi og kveða skyldi á eða tilnefna menn í stjórn félagsins fyrir næsta ár, lagði fram eftirfarandi tillögu:

Í formannssæti:	Hannes Hansson Pálmi Sigurðsson Eyjólfur Gíslason
Í ritarasæti:	Óskar Gíslason Ólafur Sigurðsson Sigurður Stefánsson
Í gjaldkerasæti:	Jónas Sigurðsson Jónas Bjarnason Guðjón Tómasson

Fundurinn tilnefndi þessa menn:

Í formannssæti:	Sighvat Bjarnason Guðmund Vigfússon
Í ritarasæti:	Jónas Sigurðsson Runólf Jóhannsson
Í gjaldkerasæti:	Vigfús Guðmundsson Willum Andersen

Þessu næst var gengið til atkvæða.

Formaður var kosinn Hannes Hansson með 12 atkvæðum.
Varaformaður Eyjólfur Gíslason
Ritari var kosinn: Runólfur Jóhannsson með 18 atkvæðum.
Vararitari Sigurður Stefánsson
Gjaldkeri var kosinn Jónas Sigurðsson með 18 atkvæðum.
Til vara Willum Andersen.

6. Tillaga kom fram frá Jónasi Bjarnasyni á þessa leið:

"10. grein félagslaganna verði burtu felld og verði frjálts atkvæðagreiðsla."

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum, 5 voru á móti.

7. Sigurður Stefánsson bar fram eftirfarandi tillögu:

"12 grein félagslaganna stríkist út og verði því framvegis lagabreytingar ræddar á aðalfundi og samþykktar eða felldar. 12. greinin áskyldi að á næsta fundi á undan skyldi um þetta rætt."

Þessi tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt með 10 atkvæðum. Enginn á móti.

8. Tillaga kom fram um að kosnir yrðu menn í gæslunefnd fiskiveiðasamþykktarinnar fyrir n.k. ár. Var stungið upp á eftirtöldum mönnum þeir bornir undir atkvæði og samþykktir:

- X Jón Guðmundsson
Brynjólfur Brynjólfsson
Ólafur Vigfússon
Guðni Grímsson
- X Guðjón Valdason
Angantýr Elíasson
Ingvar Gíslason
Einar Runólfsson
Oddur Sigurðsson

Talsverðar umræður hófust um gæslunefnd þessa árs og kom ýmislegt fram nefndinni til ávirðinga, t.d. það að s.l. vertíð hefðu 6 gæslunefndarmannanna breytt róðratímanum um 1 klukkutíma og þar með bortið lög. Einnig það að sumir þessara gæslumanna hefðu iðulega farið á undan tímanum og þá oft og einatt ljóslausir og að yfirleitt hefði algjört agaleysi verið ríkjandi.

Þá minntist einn gæslumannanna, Guðjón Valdason, þess að ekkert þýddi að kæra þá sem lögin brytu því ef slíkt væri reynt, væri það ekki tekið til greina af bæjarfógeta, nema kærandi særi eið, en slíkt sagðist hann ekkert vera kominn upp á og yfirleitt neita því.

Að loknum þessum umræðum var stjórn félagsins falið að skrifa bæjarfógeta um þetta vandræðamál.

9. Helgidagaróðrar voru ræddir og voru menn samþykkir því að sömu reglur yrðu gildandi og voru þ.á. Þetta var borið undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Nefndarstörf.

Hannes Hansson upplýsti að sami maður og var í fyrra, væri væntanlegur hingað fyrir vertíð til að gera við og rétta af kompása.

Hannes kvaðst einnig hafa talað við Jóhann Þ. Jósefsson um lifrarmálin samkvæmt nefndarskipun síðasta fundar. Sagði hann að Jóhann hefði tekið létt í þetta, með betri afgreiðslu frá hendi Lifrarsamlagsins, og lagði til að lifrarilátin yrðu máluð innan til aukins þrifnaðar.

11. Guðjón Valdason bar fram þá tillögu að n.k. vertíð færi hver línuróðrabátur með 1 beittan stamp einu sinni á vertíðinni til eflingar styrktarsjóði félagsins.

Tillögu þessari voru félagsmenn yfirleitt hlyntir og var hún borin undir atkvæði og samþykkt. Í þessu sambandi var stungið upp á eftirtöldum mönnum sem skipa skyldu áminningarnefnd, eða sjá um að menn færu með stampinn í róður:

Hannesi Hanssyni
Árna Þórarinssyni
Karli Guðmundssyni

Nefnd þessi var borin undir atkvæði og samþykkt.

12. Ritari las upp uppsagnarbréf um kaup og kjör á síldveiðiskipum. Bréfið var frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja.

Einnig las hann upp svarbréf frá félaginu til Útvegsbændafélagsins, og bréf til Björgunarfélags Vertmannaeyja um samstarfsbeiðni viðkomandi talstöðvum samkvæmt nefndarskipun s.l. fundar.

13. Hannes Hansson skýrði frá samtali viðkomandi því að hlustunarskýrsla talstöðvanna yrði prentuð í Sjómannaalmanakið og kvaðst hann hafa fengið loforð eða góð orð þar um.

14. Eiríkur Jónsson o.fl. minntust á farmannaþingið og það að æskilegt væri að þeir félagar, sem kosnir voru og þingið sátu, skýrðu að einhverju leyti frá störfum sínum þar. Þessir menn voru allir mættir fyrripart fundarins, en voru, er þetta komst til umræðna, nýgengnir út.

15. Umræður urðu um félagsgjöldin og til máls tóku Jónas Bjarnason og Sigurður Stefánsson.

16. Endurskoðendur fyrir næsta ár voru kosnir Karl Guðmundsson, Eiríkur Jónsson og Willum Andersen.

17. Félagsafmælið.

Um það var mikið rætt og kom margt í ljós.

Taldi Eiríkur Jónsson að mjög ábótavant hefði verið með frammistöðu á síðasta félagsafmæli og hefðu sumir lítið eða ekkert fengið af því sem fram var borið og heyrðist einnig á umræðum manna óánægja með hvað mörgum óviðkomandi væri hleypt inn og að félagsmenn nytu ekki skemmtunarinnar eins og tilhlýðilegt væri.

Í þessu sambandi kom fram tillaga frá Sighvatur Bjarnasyni um það að ekki yrðu látnir nema 2 miðar til hvers félagsmanns og aðeins vélsmiðjumönnum væri heimil þátttaka.

Þessi tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt með 19 atkvæðum 7 á móti.

Varamenn í afmælisnefnd voru kosnir Sigurður Stefánsson og Óskar Eyjólfsson.

18. Tillaga kom fram um varamenn í samninganefnd.

Þessir menn voru kosnir, Brynjólfur Guðlaugsson og Sigurður Ólafsson með öllum atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið

Runólfur Jóhannsson, ritari.